

Miðvikudaginn 19. júní 1991.

Nr. 25/1991.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Helga Svavarssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

og

Snorra Snorrasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Manndráp. Ávana- og fíkniefni. Eignaupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. desember 1990 til refsipýngingar.

I.

Málsaðilar hafa eigi óskað endurskoðunar á ákvæðum héraðsdóms um skaðabætur, og koma þau því eigi til meðferðar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Með bréfi 20. febrúar 1991 leitaði ríkissaksóknari umsagnar lækna ráðs á eftirgreindum atriðum:

„1) Er lækna ráð samþykkt niðurstöðum próf. Gunnlaugs Geirssonar í réttarkrufningarskýrslum hans um banamein Þorsteins Guðnasonar?

2) Er lækna ráð samþykkt eftirgreindum niðurstöðum próf. Gunnlaugs Geirssonar, sem fram komu í skýrslu hans í sakadómi Reykjavíkur:

- a) Að öll líkindi séu til þess, að stunga í gegnum meginslagæð til lungna hafi verið dauðaorsök Þorsteins?
- b) Að áverkarnir á höfði og framan á brjóstvegg hafi getað stafað af „melspírunni“, en tæplega áverkarnir á baki?

- c) Að það sé afar hæpið og nær óhugsandi sé, að stungurnar framan á brjóst Þorsteins hafi getað farið í gegnum hann?
 - d) Að bakstungurnar hafi ekki verið banvænar og líklegt, að maðurinn hafi getað gengið t.d. niður stigann í kjallarann, eftir að hafa fengið bakáverkana, ef hann hefði verið studdur eða leiddur?
 - e) Að líklegast sé, að Þorsteinn hafi verið látinn, þegar hann fékk áverkana á framanvert höfuð, blætt hafi inn í brjóstholið af völdum stungunnar í lungnaslagæð, og hefði heilaáverkinn komið á undan, hefði ekki blætt úr lungnaslagæð, eins og gerði, enda hefði heilaáverkinn þá þegar leitt til hjartastoppa?
- 3) Fellst lækna ráð á niðurstöður dr. med. Hannesar Péturssonar yfirlæknis í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu?“

Lækna ráð svaraði öllum ofangreindum spurningum játandi.

III.

Í ákæruskjali er m.a. svo frá greint, að ákærðu hafi farið í bensínafgreiðsluna við Stóragerði „í þeim tilgangi að ræna þar fjármunum“ og hafi, „er þeir voru komnir á staðinn, veist í félagi að ... starfsmanni stöðvarinnar og banað honum ...“ Á þetta ber að fallast. Hins vegar verður eigi talið alveg nægjanlega sannað, að fyrir þeim hafi beinlínis vakað, þegar þeir lögðu af stað um morguninn, að ráða Þorsteini bana.

Að sögn Snorra tók Guðmundur Helgi „melspíruna“ úr buxna-streng Snorra, sem þá mátti gera ráð fyrir, að aðförin gæti leitt til dauða. Þáttur ákærðu í að veita Þorsteini áverka eftir þetta er óljós og óvíst um atvik, þegar hann var stunginn hvað eftir annað. Ljóst er þó, að þar kom, að Snorri vék frá, eftir að hafa tekið lykla Þorsteins, og hóf að leita peninga. Verður að telja, að báðir hinir ákærðu beri fulla sök á dauða Þorsteins heitins. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann um annað en refsingu, en ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Refsing ákærða Guðmundar Helga Svavarssonar telst hæfilega ákveðin fangelsi í 17 ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 22.

apríl til 24. apríl 1989 og frá 2. maí 1990 til uppsögu dóms þessa refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Refsing ákærða Snorra Snorrasonar ákveðst 16 ára fangelsi, og komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 2. maí 1990 refsingu til frádráttar.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en refsingu ákærðu.

Ákærði Guðmundur Helgi Svavarsson sæti fangelsi í 17 ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. apríl til 24. apríl 1989 og óslitið frá 2. maí 1990 refsingu til frádráttar.

Ákærði Snorri Snorrason sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 2. maí 1990.

Ákærði Guðmundur Helgi greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsens hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Ákærði Snorri Snorrason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs fyrir Hæstarétti, 300.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 12. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Péttri Guðgeirssyni dómsformanni, Helga I. Jónssyni og Hirti O. Aðalsteinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 681-682/1990: Ákærvaldið gegn Guðmundi Helga Svavarssyni og Snorra Snorrasynt, sem dómtekið var 30. nóvember 1990.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. september 1990, á hendur ákærðu, Guðmundi Helga Svavarssyni, til lögheimilis á

Árbraut 19, Blönduósi, fæddum 14. janúar 1962, fnr. 434, og Snorra Snorrasyni, til lögheimilis á Hverfisgötu 104 A, Reykjavík, fæddum 19. mars 1956, fnr. 558, „fyrir eftirgreind brot:

I.

Gegn ákærðu báðum fyrir manndráp, rán og nytjastuld með því að hafa að morgni miðvikudagsins 25. apríl 1990 farið í bensínafgreiðslu Esso við Stóragarði í Reykjavík í þeim tilgangi að ræna þar fjármunum og hafa, er þeir voru komnir á staðinn, veist í félagi að Þorsteini Guðnasyni, fæddum 19. júní 1942, starfsmanni stöðvarinnar, og banað honum með því að stinga hann mörgum stungum í brjóst og bak með egg- og stunguvopnum og slá hann í höfuðið með þungum hlut og tekið úr peningaskáp stöðvarinnar samtals kr. 542.891 í peningum og tékkum og horfið brott af vettvangi í bifreið Þorsteins, R-22528, sem ákærði Guðmundur Helgi ók að heimili sínu, en þaðan ók ákærði Snorri bifreiðinni á bifreiðastæði við Vesturgötu 3 og skildi hana þar eftir.

Telst þetta varða við 211. gr., 252. gr., - til vara við 244. gr., - og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20, 1956.

II.

Gegn ákærða Guðmundi Helga fyrir að hafa um mánaðamót mars/apríl 1989 keypt 1000 skammta af LSD (lýsergíði) í Rotterdam, fengið sölumann efnisins til að póstsenda 950 skammta hingað til lands og sjálfur flutt hluta efnisins, a.m.k. 8 skammta, með sér til landsins 7. apríl 1989, og ráðgerði ákærði að selja megnið af efninu hérlendis, en lögreglan fann 692 skammta af því 21. apríl 1989 við húsleit á þáverandi dvalarstað ákærða að Brönduvísl 17, Reykjavík.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64, 1974.

III.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakar-kostnaðar og skaðabóta. Ákærði Guðmundur Helgi verði enn fremur dæmdur til að sæta upptöku á 692 skömmtum af LSD samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, og á 9 hnífum (4 kasthnífum og 5 bitvopnum með 15, 16, 20, 28 og 30 cm löngum blöðum) samkvæmt 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, en lögreglan lagði hald á þessa hnífa í eigu ákærða við framangreinda húsleit 21. apríl 1989, sbr. 34. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri nr. 16, 1978, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 474, 1988 sbr. 3. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1988”.

Í málflutningi var gerð sú breyting á ákæruskjalinu af hálfu ákærvaldsins, að í stað orðanna: „að heimili sínu“ í I. kafla ákærunnar skuli vera orðin „að Smiðjustíg 10“.

Málavextir.

I.

Kl. 7.39 miðvikudagsmorguninn 25. apríl sl. var lögregla kvödd að bensínstöð Esso við Stóragarði í Reykjavík vegna grunar um innbrot í stöðina. Er lögreglumenn komu þar, voru fyrir tveir starfsmenn stöðvarinnar, Sigurbjörn Alexandersson og Reynir Jakobsson. Höfðu þeir komið að læstum dyrum, og þótti þeim það kynlegt, því að starfsfélagi þeirra, Þorsteinn Guðnason, væri alltaf kominn til starfa á undan þeim og búinn að ljúka upp. Þá kvaðst Sigurbjörn hafa séð til bifreiðar Þorsteins, þar sem henni var ekið frá stöðinni í þann mund, sem hann kom þar að gangandi. Þeir hefðu séð, að blóð var á gólfinu inni í stöðvarhúsinu og að peningakassinn var opinn. Þegar lögreglunenn höfðu brotið upp dyr á suðurhlið hússins, kom í ljós, að töluvert blóð var á gólfi og varningur hafði dottið úr hillum. Við stiga í kjallara lá Þorsteinn látinn í blóðpolli og með mikla áverka á höfði.

Að sögn þeirra Sigurbjarnar og Reynis áttu þeir Þorsteinn að hefja starf þennan morgun eftir tveggja daga vaktafri. Væri Þorsteinn venjulega kominn til starfa kl. 5 - 10 mínútur fyrir sjö. Opnaði hann vesturdyrnar og skildi eftir rifu, tæki slagbranda af suðurdyrum og opnaði glugga fyrir ofan þær dyr. Þá færi hann til þess að hella upp á kaffi.

Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir kom á vettvang kl. 8.15, og telur hann Þorstein þá hafa verið auðsjáanlega nýlátinn. Í vottorði hans kemur fram, að stór blóðpollur hafi verið við höfuð líksins, og hafi í pollinum verið ljósar flygsur, sem líktust heilavef.

Bifreið Þorsteins heitins fannst síðar um morguninn, mannlaus og læst, á bifreiðastæði við Vesturgötu 3. Tveir blóðblettir voru á vinstri framhurð hennar og daufir blóðblettir eða kám á gólfmottu við ekilssæti. Í hanskahólfi bifreiðarinnar fannst „uppgjörstaska“, merkt bensínstöðinni. Í töskunni voru uppgjörblóð dagsins á undan ásamt tékkum, sem fylgdu uppgjörinu, samtals að fjárhæð kr. 289.591.

Fingrafararannsókn bar ekki árangur.

Ýtarleg rannsókn fór fram á vettvangi. Í skýrslu Haralds Árnasonar lögreglumanns um rannsóknina segir svo m.a.:

— — —

Við stigaræturnar er lík Þorsteins Guðnasonar. Líkið liggur á bakinu, með krosslagða ökkla, og eru þeir á móts við norðurenda neðsta þrepsins,

en höfuð líksins vísar til suðvesturs og liggur upp að hillu í hillusamstæðu, sem stendur við suðurvegg kjallarans. Er líkið nánast í beinni stellingu, en er þó lítillega sveigt til vinstri. Hægri handleggur er krepptur upp, með olnboga upp að síðu, og liggur höndin á hillubrúninni. Vinstri handleggur liggur nánast beint út frá síðunni, lítillega krepptur um olnboga, þannig, að höndin er rétt neðan við axlarlinu. Líkið er klætt, auk nærfatnaðar, dökkum mittissíðum kuldaajakka, rauðri langermapeysu, sem merkt er ESSO, hvítum stuttermabol með rauðum kraga og ermálíningum, gráum síðbuxum með ísaumuðum brotum, svörtum skóm og hvítum sokkum. Mikið sár er á höfði líksins, og hefur mikið blóð runnið frá því. Stórar blóðslettur hafa gengið út frá höfðinu í allar áttir, og má draga þá ályktun af ummerkjum, að hinum látna hafi verið veittur áverkinn í þeirri stellingu, sem hann liggur. Er höfuð hans við brún neðstu hillu í hillusamstæðu, sem í eru ýmiss konar olíuefni í plastbrúsum, en sú hilla er u.þ.b. 15 cm frá gólfi. Síðar, þegar blóð hafði verið hreinsað af hillubrúninni, kom í ljós, að á henni voru ummerki á móts við höfuð hins látna, sem bentu til þess, að hún hafi orðið fyrir þungum höggum, en starfsmenn stöðvarinnar könnuðust ekki við að hafa séð þessi ummerki áður.

— — —

Fjöldi ljósmynda var tekinn af vettvangi, og fylgja þær málinu.

Samkvæmt kassauppgjöri 24. apríl og upplýsingum Olíufélagsins hf. höfðu verið kr. 542.891 í peningaskápnum í kjallaranum.

Í skýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors um vettvangsskoðun og krufningu á líki Þorsteins heitins segir svo m.a.:

„Miðvikudaginn 25. apríl 1990 var prófessorinn í réttarlæknisfræði, Gunnlaugur Geirsson, kvaddur af Þóri Oddssyni vararannsóknarlögreglustjóra til þess að koma að bensinstöð Ezzo við Stóragerði, en þar hafði fundist lík manns með mikla áverka, sem sýnt þótti, að væru af mannavöldum.

Líkið lá í blóðpolli við rætur stiga, sem lá niður í kjallara bensinstöðvarinnar. Lá höfuð mannsins upp að vegg, þar sem staflað hafði verið brúsum á hillur. Var stórt, gapandi sár fyrir miðju enni mannsins yfir bæði augun og á nefrót. Hafði blóð og heilavefur slest út frá höfðinu, svo og hafði blóð runnið í stóran poll við höfuðið. Blóð hafði lekið niður á skyrtu mannsins og úlpu. Ekki sást neitt áhald, sem ótvírætt gæti talist áverka-vopnið. Blóð var einnig á brúsum og pappakassa í nánd líksins.

„Krufningin: Líkið er af miðaldra manni, með há kollvik og þunnt, gráleitt hár, sem hefur verið ljósskollitað. Á höfðinu miðju og ofanverðu er þríhyrnt, gapandi sár, þar sem sér inn í heilabúið. Neðri brún þessa sárs

er yfir nefið þvert, 4 cm ofan við nefbroddinn, og svarar til neðri brúnar vinstri augntóftarinnar út af gagnauganu, þannig að basalína frá hægri augnkrók miðlægt og upp yfir ennið að hvirflinum og mælist 9 cm. Langhlið þríhyrningsins mælist 12 cm og liggur á ská yfir ennið frá vinstri hliðlægum augnkrók og upp á hvirfilinn. Vinstra auga hefur marist og fallið inn, og eru andlitsbeinin á því svæði mölbrotin, sömuleiðis kúpuhvelfingin og sér í heilavef og nefholin. Nefbeinin eru brotin, sömuleiðis kinnbeinin. Sárið er höggvið og tætt. Finna má, að kúpuhvelfingin er öll brotin. Ofan til og hliðlægt og samhliða langhlið hins stóra, þríhyrnda sárs, en 5 cm frá því, er höggvið sár, 2 cm að lengd. Annað sár, einnig höggvið, liggur upp frá hægri augnkrók, og mælist það 3,8 cm á lengd. Á hægri vanga er 1 cm löng skráma og mar á 4x2,5 cm svæði. Vinstra megin í hársverðinum, hliðlægt í hnakkanum, er V-laga höggvið sár, 6 cm hvor armur sársins. Þriðja sárið er nokkru neðar í hnakkagrófinni vinstra megin og mælist 1 cm að lengd. Ekkert sérstakt greinist í eyrum mannsins. Tennur eru heilar, og enginn áverkist sést á vörum. Vinstra megin, 4 cm neðan við eyrnasnepilinn, er á hálsinum lítil skurfa, 0,6 cm í þvermál. Um háls mannsins eru tvær grannar silfurfestar, önnur með málmhjarta. Hendur mannsins eru blóðugar, en ekki verður greint, að sár séu á höndum. Hann er með giftingarhring á hægri baugfingri og annan hring með stöfunum ÞG á vinstri hendi.

Stunguförin eru sem hér segir: Stungusárin að framan eru 9 talsins og liggja á svæðinu, sem kallast praecordium, þ.e. yfir svæði hjartans. Hið stærsta þeirra er í miðlinu og mælist 2 cm að lengd, og er lega þess nær þverlæg, þó þannig, að hliðlægi hluti sársins er ofar hinu miðlæga. Þegar þreifað er í sárið, finnst, að það liggur í gegnum brjóstvegginn. Annað sár er 1,5 cm ofar og eilítið hliðlægt, en það nær ekki í gegnum brjóstvegginn, og mælist það 1,5 cm að breidd. Þriðja sárið er 1,5 cm þar fyrir ofan, og mælist það 1,8 cm og gengur í gegnum brjóstvegginn. Sex önnur sár eru yfirborðslægari og hliðlægari. Fimm þeirra ná ekki nema í gegnum hörundið, en hið sjötta nær inn í undirhúðina (subcutis), og mælist það 1,5 cm á breidd (sjá nánar myndir rannsóknarlögreglu). Eitt stungufar hefur skriplað eftir síðu mannsins.

Á baki eru 4 stungusár, eitt svarandi til vinstra herðablaðs, 0,5 cm í þvermál. Annað sár er 10 cm þar fyrir neðan, og er það einnig stungusár grunnt, 0,5 cm í þvermál. Eitt stungusár er 3 cm frá miðlinu og annað 5 cm frá miðlinu, einnig í hæð við vinstra herðablað.

Frekari áverkamerki sjást ekki á líkinu.

Líkið er opnað með miðlínuskurði, sem fer í gegnum 2,5 cm af fitu á kviðvegg. Í brjóstholinu vinstra megin eru 820 ml af blóði, og gollurhúsið er einnig þanið af blóði, og mælast þar 200 ml. Rifa er á gollurhúsinu,

svarandi til móta hjartans og stóru æðanna, og er þar blæðing inn í vefi miðmætisins. Fjögur efstu rif vinstra megin eru brotin eins og eftir mikið högg. Svarandi til stungusára, sem lýst er á baki mannsins, eru fjögur op inn í brjóstholið, og eru þau fremur „afrúnnuð“, 0,5 - 0,6 cm í þvermál, og er blæðing umhverfis þau. Stungurnar hafa sært lungnavefinn, og má sjá, að þær hafa gengið u.þ.b. 3 - 4 cm inn í brjóstkassann. Eins og áður segir, voru u.þ.b. 820 ml af blóði í vinstra brjóstholi og 200 ml í gollurhúsinu auk blóðs í mjúkvæfjum.

Hjarta og æðakerfi: Hjartað vegur 370 gr. Það er eðlilega lagað, klætt á yfirborði gljáandi himnu að frátöldum blæðingablettum, sem áður er lýst. Mælist hægri hjartahelmingur 0,6 cm að þykkt, en vinstri hjartahelmingur 1,7 cm. Lokurnar eru þunnar og sveigjanlegar, mælist mitralis 11 cm í ummál, aorta 6,5 cm og pulmonalis 7 cm og tricuspidalis 12,8 cm. Svarandi til pulmonal lokunnar eru tvö op á æðinni framanvert við mótin á hjartanu, og mælast þau 0,7 og 0,5 cm. Eru op þessi í framhaldi af stungusárum í brjóstvegg.

Öndunarfæri: Hægra lunga vegur 390 g og vinstra lunga 270 g. Í vinstra lunga eru blæðingastaðir og sár í lungnavefinn, svarandi til stungufara, sem lýst hefur verið á brjóstvegg. Lítils háttar blóðlitað slím er í fjærhlutum berknanna vinstra megin, en a.ö.l. eru berkjur og barki eðlileg. Málbeinið er heilt. Sári á lungnaslagæð er áður lýst.

Miðtaugakerfi: Áverkum á höfði og höfuðleðri er áður lýst. Þegar höfuðleðri er flett af, sést, að kúpubeinin eru brotin, svarandi til þess, sem áður er lýst, og er blæðing á innanverðu höfuðleðrinu (hematom). Ennisbein vinstra megin eru gengin inn í heilabúið og liggja laus í brotum, og heilinn er mjög marinn og blóðugur undir, enda hefur ennishluti hans farið í graut og spýst út. Opið er inn á frontal sinusa og cavum nasi (nefholið), og eru beinin blönduð (sic) inn í heilavefinn. Engir framandhlutir sjást. Sprunga liggur frá ennisbrotinu yfir miðja kúpuhvelfinguna endilanga aftur á hnakka, og önnur sprunga liggur frá vinstra eyra og að miðlínu.

Ályktun: Krufningin leiddi í ljós, að manninum var ráðinn bani með því að veita honum mikla áverka. Stungur í brjóst voru veittar með fremur oddhvössu eggvopni, sem kann að hafa náð allt að 2 cm skurðbreidd.

Stungunum var beint að hjartastað, og lentu tvær þeirra í meginslagæð til lungna, og blæddi manninum út inn í brjósthol.

Hann var einnig stunginn fjórum sinnum í bak, og er að sjá sem stungu-

verkfærið, sem beint var að bakinu, hafi verið grennra en það, sem áverkann veitti að framanverðu, og náði það að særa vinstra lunga.

Loks er að geta mikils áverka á höfði, sem kom við þung högg yfir þvera nefrót og vinstra auga og sömuleiðis á ennið vinstra megin. Brotnaði höfuðkúpan og leiddi til þess, að heili og blóð slettust út.“

Prófessor Gunnlaugur hefur komið hér fyrir dóm. Hefur hann sagt, að líklegast sé, að Þorsteinn Guðnason hafi beðið bana af völdum stungu í lungnaslagæð. Blætt hafi inn í brjóstholið af völdum stungunnar, og áverkarnir framan á höfðinu hafi verið svo miklir, að þeir hefðu þegar í stað gert út af við manninn og valdið hjartastöðvun. Ekki hefði blætt úr lungnaslagæðinni, eins og gerði, ef heilaáverkarnir hefðu komið til á undan. Telur prófessorinn Þorstein hafa fengið áverkana framan á höfuðið, þar sem hann lá niðri við stigann.

Þá kvað prófessorinn áverkana á höfði og á brjósti geta stafað af „melspírunni“ (sbr. hér á eftir), en áverkarnir á baki séu hins vegar tæplega af völdum „melspírunnar“. Þeir séu eftir grannt og ávalt áhald á borð við skrufjárn. Að vísu séu áverkarnir á líkama aldrei svo einkennandi, að hægt sé að segja með fullri vissu, hvaða verkfæri hafi valdið þeim. Bakáverkarnir hafi ekki verið banvænir, og hefði maðurinn líklega getað gengið niður í kjallarann eftir þá, hefði hann verið studdur eða leiddur.

Þá kveður prófessor Gunnlaugur ekki hægt að segja með vissu, hvort áverkarnir tveir aftan á höfði Þorsteins hafi getað valdið höfuðkúpabroti. Hann geti ekki heldur fullyrt, hvort annar hvor þeirra hafi valdið meðvitundarleysi, en það sé hugsanlegt.

Sérstaklega spurður um skrámu á hægri vanga líksins kvað prófessorinn allt það blóð, sem verið hefði á gólfi efri hæðar í stöðinni, ekki hafa getað komið úr henni.

Prófessorinn hefur verið spurður álits á því, hvort stungusárin á brjósti Þorsteins heitins hafi verið veitt með vinstri eða hægri hendi, miðað við, að sá, sem það gerði, hafi kropsið við vinstri síðu Þorsteins. Hefur hann sagt, að ekki sé hægt að segja um það, miðað við þau gögn, sem fyrir liggja.

Í málinu eru ljósmyndir af líki Þorsteins heitins og áverkum á því.

Fatnaður Þorsteins heitins var tekinn til rannsóknar í tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins. Á nærból, milliskyrta, peysu og úlpu reyndust vera stungugöt, sem svöruðu til áverkanna á brjósti og baki hins látna. Allar voru flikur þessar mjög blóðugar og blóðblettir og -kám auk þess á buxum.

Eftirgrennslan rannsóknarlögreglu ríkisins og vísbendingar, sem rannsóknarlögreglunni höfðu borist, leiddu svo til handtöku ákærðu 30. apríl og 1. maí sl. Var gerð húsleit á Smiðjustíg 10, þar sem ákærðu og unnustur þeirra bjuggu. Fannst þar m.a. blóðugur eldhússnífur og stálöxull.

Ákærði Snorri neitaði í fyrstu allri vitneskju um atburðinn í Stóragerði. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 4. maí skýrði hann hins vegar frá því, að helgina fyrir atburðinn hefði hann stungið upp á því við Guðmund Helga, að þeir „rændu“ bensínsjálfsala einhvers staðar í borginni. Hefðu þeir þá verið á Smiðjustíg 10. Hann hefði sagt Guðmundi frá því, hvernig þjófavarnarkerfi bensínstöðva væri tekið úr sambandi á morgnana, þegar starfsmenn kæmu til vinnu, og hvernig öllu væri þar fyrir komið, enda hefði hann unnið mikið við bensínafgreiðslu. Aðfaranótt miðvikudagsins 25. apríl hefðu þeir rætt þetta frekar, eftir að Guðrún hefði verið sofnuð. Minnti ákærða, að Sesselja hefði verið vakandi. Þeir hefðu ákveðið að fara að bensínstöðinni í Stóragerði og brjóta upp bensínsjálfsala og stela úr honum peningum. Guðmundur hefði gefið sér pillur, sem ákærði tók inn, og sagt, að hann yrði rólegri af þeim og „alveg sama um allt“. Auk þess kveðst hann hafa drukkið allt áfengi, sem til var. Guðmundur hefði beðið sig að taka með „melspíru“, sem hann hefði átt, til þess að brjóta upp sjálfsalann. Hann hefði sett „melspíruna“ í buxnastrenginn aftanverðan undir úlpunni.

Þeir hefðu gengið upp á Hlemm og tekið vagn nr. 11 upp að Álmgæði. Hefðu þeir gengið vestur þá götu eftir hitaveitustokknum að Stóragerði. Þegar þeir komu að bensínstöðinni, hefði Þorsteinn heitinn verið að koma þar að í bifreið sinni. Hefði hann boðið þeim inn og upp á kaffi, enda hefðu þeir ákærði þekkt, frá því að ákærði vann með honum. Þeir hefðu gengið inn og Þorsteinn farið að laga kaffið í skoti inn af afgreiðslunni. Kvaðst ákærði hafa rætt við Þorstein um heima og geima, en Guðmundur hefði staðið að baki sér. Þegar Guðmundur hefði séð, að ákærði ætlaði ekkert að aðhafast annað en tala við Þorstein, hefði hann hvíslað að sér að láta sig hafa „melspíruna“. Kvaðst ákærði þá hafa lyft upp jakka sínum og fundið, að Guðmundur tók hana úr buxnastrengnum. Rétt á eftir hefði hann ýtt sér til hliðar og ráðist að Þorsteini, sem hefði staðið við kaffikönnuna. Hefði hann slegið Þorstein með „melspírinni“ og höggið virst lenda á vanga hans og öxl. Guðmundur hefði þrifið í fót Þorsteins og dregið hann fram og skipað honum að láta sig fá lyklana að peningaskápnum. Þorsteini hefði tekist að losna frá Guðmundi og hlaupið fram í verslunina, en Guðmundur náð honum strax. Sagðist hann mundu berja Þorstein meira, ef hann léti ekki lyklana strax af hendi. Hefði Þorsteinn þá rétt fram lyklana, og kvaðst ákærði hafa tekið þá og hlaupið niður í kjallara og tekið úr skápnum litla uppgjörstösku og smámynt í staukum og plastpokum og sett í plastpoka, sem þarna hefði verið. Meðan hann hefði verið að þessu, hefði Guðmundur kallað til sín og beðið sig um að flýta sér. Þegar hann hefði tekið plastpokann upp, hefði pokinn rifnað og hann þurft að tína upp smámynt af gólfinu. Guðmundur hefði þá kallað aftur, og

kvaðst ákærði þá hafa farið fram, en þá hefði Guðmundur staðið yfir Þorsteini, sem hefði legið á gólfinu í kjallaranum við stigann. Talsvert blóð hefði verið þar. Ákærði kvaðst hafa hlaupið upp stigann og tekið slagbrandana frá suðurdyrunum og staðið í gættinni. Þegar Guðmundur hefði verið á leið upp, hefði hann kallað og spurt, hvort hann væri með bíllykla Þorsteins, en þegar ákærði neitaði því, hefði Guðmundur hlaupið niður aftur og náð í bíllyklana. Þeir hefðu hlaupið út í bifreið Þorsteins og Guðmundur ekið niður að Smiðjustíg 10.

Á leiðinni hefði hann beðið sig um að losa sig við „melspíruna“. Þegar á Smiðjustíginn var komið, hefði Guðmundur sagt, að ákærði yrði að fara með bílinn og losa þá við hann, því að hann væri sjálfur svo blóðugur, að hann gæti það ekki. Hefði Guðmundur farið inn með aðra peninga en þá, sem ákærði hafði stungið í jakkavasa sinn. Kvaðst ákærði hafa ekið bílnum niður í bæ og nunið staðar á stæði við Vesturgötu, skilið bílinn þar eftir og læst honum. Ákærði kvaðst hafa gengið niður að höfninni og kastað „melspírunni“ og bíllyklunum í sjóinn af bryggjunni við Hafnarbúðir. Hann hefði svo náð í strætisvagn í Hafnarstræti og farið úr honum við Þjóðleikhúsið. Þegar heim kom, um kl. hálfátta, hefði Guðmundur verið búinn að hafa fataskipti, og hefði hann sagt sér að gera það líka og henda buxunum og úlpunni. Þeir Guðmundur hefðu skipt með sér peningunum, og kvaðst ákærði hafa fengið 67 til 73 þúsund krónur í seðlum í sinn hlut. Guðmundur hefði fengið álíka fjárhæð í seðlum og auk þess alla smámyntina. Ákærði kvaðst fljótlega hafa sagt Guðrúnu frá því, sem gerst hafði, og að þetta hefði verið sóðalegt og að hann vildi helst komast strax „út“. Hefði Guðmundur haft í hótunum við þau Guðrúnu og sagst myndu drepa þau, ef þau segðu frá. Þau Guðrún hefðu hent þessum flikum og e.t.v. skónum í sorptunnu við Vantsstíg, en þar var þá verið að hirða sorp.

Ákærði Snorri var að nýju yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni 5. maí sl. Sagði hann, að Stóragerðisstöðin hefði verið valin vegna þess, að hún væri inni í íbúðahverfi og fáförult við hana. Hefðu þeir ákveðið að stela úr sjálfsala stöðvarinnar og eins að ráðast á „kassamanninn“, þegar hann kæmi til vinnu, rota hann og taka af honum lykla að peningaskápnum. Á leiðinni upp á Hlemm hefði Guðmundur talað um, að hann, Snorri, skyldi rota manninn, og kvaðst ákærði hafa samþykkt það. Þegar til átti að taka, kvaðst ákærði ekki hafa getað fengið sig til þess að berja Þorstein í höfuðið með „melspírunni“, enda þekktust þeir og höfðu unnið saman. Þegar Guðmundur hefði séð, að ákærði ætlaði ekkert að gera, hefði hann beðið sig um melspíruna og hann lyft upp jakkanum.

Eftir að Þorsteinn hafði verið barinn á hægri vanga og öxl, hefði hann náð að hlaupa fram í afgreiðslu, og hefðu þeir Guðmundur tekist á. Blóð hefði lagað úr höfði Þorsteins. Þegar ákærði hefði tekið lyklana úr hendi

Þorsteins, hefði hann spurt: „Af hverju gerir þú þetta?“ Kvaðst ákærði engu hafa svarað og hlaupið niður. Ákærði kvaðst hafa heyrt Guðmund skipa Þorsteini að leggjast niður, og síðan hefði hann kallað til sín, að hann skyldi flýta sér. Þegar hann hefði komið út úr herberginu, hefði Þorsteinn legið á kjallaragólfinu við stigann. Ekki vissi ákærði, hvernig þeir fóru niður. Þá kvaðst ákærði muna, að Guðmundur hefði sagt, þegar hann kom upp með billyklana, að Þorsteinn andaði enn. Þá kvaðst ákærði ekki vita til þess, að Guðmundur hefði haft neitt meðferðis að heiman. Hann kvað enn fremur Sesselju hafa sagt sér, þegar hann kom á Smiðjustíginn, eftir að hafa losað sig við bílinn, að hún hefði fleygt fötum Guðmundar í ruslagám við íþróttahús Jóns Þorsteinssonar. Hefði Guðmundur þá verið allsnakinn að baða sig.

Tveimur dögum síðar skýrði ákærði frá atvikum á sama veg og áður, en bætti því við, að þegar þeir Guðmundur og Þorsteinn hefðu tekist á í afgangslunni, hefði hann sjálfur hlaupið á bak við þá og ætlað að fara út um vesturdýrnar, en þær reynst læstar. Hefði hann þá hlaupið niður í kjallarann.

Ákærði kvaðst ekkert hafa verið blóðugur, en hafa séð, að Guðmundur var talsvert blóðugur, bæði í andliti, á hönskum og á jakkaermum. Þeir hefðu báðir verið með hanska. Guðmundur hefði rétt sér „melspíruna“ á leið út að bíl Þorsteins. Kvaðst ákærði hafa stungið henni inn á sig og sett hana svo á milli framsætanna í bílnum. Á leiðinni út að bílnum, hefði eitthvað dottið úr pokanum, og hefði hann látið það liggja. Á leiðinni niður á Smiðjustíg hefði hann opnað peningatöskuna með vasahníf, sem hann eigi, tekið úr henni peningana, en skilið eftir ávísanirnar.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 8. maí kvað ákærði klukkuna hafa verið sex mínútur yfir sjö, þegar þeir komu að bensinstöðinni, en Þorsteinn hefði komið þar að tveim mínútum síðar. Guðmundur hefði í sífellu spurt sig, hvað klukkan væri, og því vissi hann þetta.

Ákærði skýrði einnig frá því, að um nóttina hefði Guðmundur talað um að sprauta manninn og hrært eitthvað saman í glasi og tekið til sprautu og nál. Guðmundur hefði talað um, að það yrði að þagga niður í manninum, því að hann þekkti ákærða. Kvaðst ákærði ekkert hafa gefið út á þetta og tekið sullið, sem Guðmundur hafði hrært, og falið það. Hefði hann sagt Guðmundi, að hann vildi einungis, að maðurinn yrði rotaður. Kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að maðurinn myndi geta vísað á sig, þegar hann raknaði við. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að komast að því, að Þorsteinn yrði á vakt þennan morgun, og hann vissi, að hann væri alltaf einsamall einhverja stund.

Tveimur dögum síðar skýrði ákærði frá því, að „melspíruna“ hefði hann fundið í verkfærakistu á Hverfisgötu 104 A, þar sem þau Guðrún bjuggu

áður. Ákærði sagði enn fremur, að þeir Guðmundur hefðu farið að tala um það í alvöru laugardagskvöldið fyrir atburðinn að ræna einhverja bensínstöð. Hefði Guðmundur spurt sig út í starfsemi stöðvanna og hvernig þetta væri framkvæmanlegt.

Aðfaranótt miðvikudagsins hefðu þeir rætt þetta frekar og ákveðið að ræna Stóragerðisstöðina. Hefði hann sagt Guðmundi, að þar væru í mesta lagi 200-250 þúsund krónur í peningum. Kvaðst hann hafa verið ákveðinn að taka ekki ávísanir. Þá hefðu þeir ákveðið að taka bifreið Þorsteins og fara á henni af vettvangi.

Ákærði skýrði enn fremur frá því, að í átökum þeirra Þorsteins og Guðmundar frammi í versluninni hefði Guðmundur haldið í föt Þorsteins með vinstri hendi, en í hinni hægri haldið á „melspírunni“ reiddri til höggs og hótad að berja hann meira. Þorsteinn hefði streist á móti og reynt að losna frá Guðmundi. Hefðu þeir rekist í vörurekka og eitthvað úr honum dottið í gólfið. Kvaðst ákærði hafa hlaupið að vesturdyrunum, en þær hefðu reynst læstar. Þorsteinn hefði þá komið í fangið á sér, og kvaðst hann þá hafa tekið í hægri hönd hans. Hefði hann fengið blóð af Þorsteini á höndina.

Ákærði kvaðst hafa skilið orð Guðmundar um að þagga niður í Þorsteini, að maðurinn myndi deyja. Hefði hann sagt, að maðurinn yrði steindauður, þegar hann hefði sprautað hann.

Í skýrslu 15. maí kvað ákærði Guðmund hafa haldið í grennri endann á „melspírunni“ og barið Þorstein með sverari endanum.

Guðmundur hefði verið blóðugur í andliti, á jakkaermum og hönskum og jakki hans verið blóðugur að framanverðu. Sjálfur hefði hann aðeins verið með blóð á hönskurn og vinstra megin á jakkanum framanverðum, sem hefði komið, þegar hann stakk inn á sig „melspírunni“, eftir að Guðmundur rétti sér hana.

Í skýrslu 18. maí sl. skýrði ákærði frá því, að þegar hann hefði komið upp úr kjallaranum, hefði hann haldið á plastpokanum í fanginu og átt í erfiðleikum með að halda innihaldinu í honum, þar sem hann hafði rifnað. Guðmundur hefði kornið á eftir sér upp stigann. Ákærði kvaðst hafa fundið lykilinn að dyrunum á sömu kippu og lyklnir að peningaskápnum. Guðmundur hefði þá spurt sig, hvort hann væri með bíllyklana, og þegar ákærði hefði svarað því neitandi, hefði Guðmundur hlaupið aftur niður. Ákærði kvaðst hafa beygt sig niður til þess að draga neðri slagbrandinn frá og þá séð Guðmund á hnjónum hjá Þorsteini og vera að standa upp. Hefði hann haldið báðum höndum um „melspíruna“. Datt ákærða í hug, að hann hefði e.t.v. stungið Þorstein, og hefði sér brugðið mjög. Hefði Guðmundur örugglega tekið eftir því. Guðmundur hefði komið upp og tekið splitti úr efri slagbrandinum, og kvaðst ákærði þá hafa opnað fyrir

Guðmundi, farið á eftir honum út og skellt í lás á eftir sér. Á leiðinni að bílnum hefði Guðmundur sagt eitthvað á þá leið, að ekki hefði verið um annað að ræða. Skildi ákærði þetta þannig, að ekki hefði verið um annað að ræða en drepa Þorstein. Hann hefði þó ekki sagt það, fyrr en þeir voru komnir niður á Smiðjustíg, „að hann hefði kálað honum“.

Þá sagði ákærði, að Þorsteinn hefði sagt við sig fram inni (sic) í versluninni: „Elsku Snorri minn, ég skal láta þig hafa lykllana og gera hvað sem er.“ Svo hafi hann sagt: „Af hverju gerirðu þetta?“

Við meðferð málsins hefur ákærði neitað því að eiga sök á dauða Þorsteins Guðnasonar. Hann hefur skýrt frá því, að sú hugmynd hafi vaknað helgina fyrir atburðinn að fara í bensinstöðina við Stóragerði. Hefði verið rætt um, að þeir færu og biðu eftir því, að Þorsteinn kæmi til vinnu og opnaði stöðina. Hefðu þeir ákveðið, að Guðmundur Helgi skyldi slá Þorstein hnefahögg í höfuðið og rota hann. Kveðst ákærði hafa vitað, hvenær Þorsteinn stæði vaktir í bensinstöðinni. Kveðst hann hafa þekkt Þorstein, enda hefðu þeir unnið saman í Stóragerði um nokkurra mánaða skeið.

Ákærði kveður þá hafa rætt þetta enn frekar á mánudeginum og þriðjudeginum og fram á miðvikudagsnótt. Ákærði kveður þá ekki hafa vitað nákvæmlega, hversu miklir peningar væru þarna, en þeir hefðu búist við, að það yrðu milli 300 - 400.000 kr. Ákærði segist hafa verið búinn að ákveða það að taka ekki tékka, þar sem þeir væru allir stimplaðir og ekki hægt að koma þeim í verð. Kveður ákærði Guðmund Helga hafa verið búinn að sprauta sig svo mikið þarna um nóttina, að hann hefði ekki lengur getað fundið æð til að sprauta í. Hefði hann þá sprautað í glas og haft orð á að gera nógu sterka blöndu til þess að sprauta Þorstein með, og myndi hann þá deyja eða „lognast út af“, eins og hann hefði orðað það. Kveðst ákærði telja, að Guðmundi hafi ekki verið alvara með þessu, en þó hefði hann tekið glasið og sett inn í skáp. Ákærði kannast við að hafa tekið pillur og drukkið áfengi þarna um nóttina og að Guðmundur hafi talað um, að hann yrði þá rólegri og sama um allt. Ákærði kveðst hafa gert sér grein fyrir því, að upp um hann kæmist, þar sem þeir Þorsteinn þekktust, en honum hefði verið alveg sama um það. Kveðst hann hafa ætlað að láta sig hverfa í nokkra daga í bænum og Guðmundur Helgi hafi ætlað norður í land. Ákærði kveður ástæðuna fyrir því, að þeir völdu dag, þegar Þorsteinn væri að vinna, hafa verið þá, að á hinni vaktinni hafi verið eldri maður og þeir óttast, að sá maður myndi ekki þola að verða rotaður.

Ákærði segir ekkert hafa verið rætt við Guðrúnu um það, hvernig vöktum væri hagað í Stóragerðinu. Ákærði kveðst hafa verið klæddur í gallabuxur, skyrtu og jakka og með hanska á höndum, þegar þeir lögðu af stað. Telur ákærði, að það hafi kannski verið til þess, að ekki fyndust fingraför. Einnig hefur hann sagt, að þeir hafi verið með hanska af vana

eins og alltaf í innbrotum. Ákærði kveðst hafa tekið með sér „melspíru“, sem hann hafði í umráðum sínum. Ekki kveðst hann muna, hver hefði átt hugmyndina að því að taka verkfærið með. Upphaflega hefði verið ætlunin að nota „melspíruna“ til að brjóta upp bensínssjálfsalann og stela úr honum, en á leiðinni hefðu þeir rætt um að rota Þorstein með „melspír-unni“. Einnig hefur ákærði sagt, að þeir hafi ákveðið þetta, þegar þeir tóku „melspíruna“ með. Þeir hafi rætt um að taka bifreið Þorsteins og flýja af vettvangi í henni. Þeir hafi gengið upp á Hlemm, tekið þar strætis-vagn upp í Álmgerði og gengið síðan að stöðinni. Ákærði segir þá ekki hafa farið í leigubíl á vettvang, þar sem þá yrði auðvelt að finna þá aftur á eftir. Þeir hafi beðið í 5-6 mínútur, þar til Þorsteinn kom á bifreið. Hafi Guðmundur sagt, meðan þeir biðu Þorsteins, að ef einhver annar kæmi en hann, gætu þeir afsakað sig með því að biðja um lán fyrir „strætó“. Telur ákærði, að Þorsteinn hafi komið 8 mínútur yfir 7. Þeir hafi heilsast, og kveðst ákærði hafa sagt Þorsteini, að bíll þeirra félaga hefði bílað þarna skammt frá, og beðið um að fá að hringja. Þorsteinn hafi opnað og farið inn og tekið þjófavarnarkerfi úr sambandi. Þeir Guðmundur hafi farið inn á eftir Þorsteini. Ekki kveðst ákærði minnst þess, að vesturdyrnar, sem þeir fóru inn um, hafi verið skildar eftir opnar. Þorsteinn hafi farið inn í eldhússkonsu innst í stöðinni, stungið nestiskassa sínum í ísskáp og farið að laga kaffi. Ákærði kveðst hafa staðið í gættinni og talað við Þorstein, en Guðmundur hafi komið og beðið sig um „melspíruna“, sem ákærði kveðst hafa borið í buxnastrengnum aftanverðum. Kveðst ákærði hafa lyft upp jakkanum og Guðmundur tekið „melspíruna“, ruðst fram hjá sér inn í skonsuna og slegið Þorstein með „melspírinni“ hægra megin á höfuðið við eyrað, að því er ákærði telur. Hafi Guðmundur haldið í mjórri endann með hægri hendi, og hafi hausinn á „melspírinni“ lent í höfði Þorsteins. Þetta hafi þó ekki verið rothögg, en töluvert hafi blætt úr sárinu. Muni Þorsteinn þá hafa misst kaffipoka, sem hann hafi haldið á. Þorsteinn hafi gripið í Guðmund og tekist að komast fram hjá þeim og hlaupið fram í afgreiðslu. Guðmundur hafi farið á eftir Þorsteini og náð honum frammi í afgreiðslunni, áður en hann hafi komist að dyrunum, en sjálfur kveðst ákærði hafa staðið í sömu sporum við eldhússkonsuna. Þegar hann hafi séð, hve mikið blæddi úr Þorsteini, hafi hann hlaupið fram sjálfur og ætlað að komat út um vesturdyrnar, en þær hafi reynst verð læstar. Þá hafi hann snúið við og hlaupið inn aftur og komið í flasið á meðákærða og Þorsteini, sem voru í stimpingum hjá hillustæðu í afgreiðslurýminu, og kveðst ákærði hafa rekist á Þorstein og nærri dottið og gripið í hann og rekist í hillustæð-una. Guðmundur hafi haidið í Þorstein með vinstri hendi og verið með „melspíruna“ reidda til höggs og heimtað lyklana af Þorsteini og hótað, að hann slægi hann aftur. Hafi Guðmundur ekki verið handlama (sbr. hér

á eftir). Þorsteinn hafi spurt sig, af hverju hann gerði þetta, og kveðst ákærði engu hafa svarað. Hafi Þorsteinn beðið um að vera ekki sleginn aftur. Kveður ákærði það geta verið, að Þorsteinn hafi sagt „elsku Snorri“. Þorsteinn hafi rétt fram lyklna, og kveðst ákærði hafa tekið þá úr hendi hans og hlaupið niður, opnað peningaskápinn, tekið af sér hanskana og tekið úr skápnum uppgjörstösku og peninga úr báðum peningaskúffunum og alla skiptimyntina. Ákærði kveðst hafa heyrt, þegar hann var í stiganum, að Guðmundur hafi sagt við Þorstein, að hann skyldi vera rólegur.

Ákærði kveðst hafa látið alla fjármunina í plastpoka, sem hangið hafi á hurðarhúninum á skrifstofuhurðinni. Ákærði kveðst ekki geta giskað á, hve lengi hann hafi verið að athafna sig inni á skrifstofunni, en Guðmundur hafi kallað, að hann skyldi flýta sér. Guðmundur hafi svo snöggvast komið þangað inn og rekið á eftir sér. Hafi Guðmundur verið alblóðugur, og segir ákærði, að sér hafi brugðið við þetta. Hafi blóð verið í andliti Guðmundar og höndum hans, framan á honum og á buxunum. Ákærði kveðst aðeins hafa heyrt eitt hljóð, meðan hann var inni í skrifstofukompunni, og líktist það helst því, að barið væri í járn. Hafi þetta verið hveltt og snöggð högg-hljóð. Telur ákærði, að það hafi getað orsakast af því, að barið hafi verið í járnhillu þarna fyrir framan. Ákærði kveðst hafa sett á sig hanskana og staðið upp með pokann, sem hafi rifnað undan þunganum, og kveðst ákærði hafa átt í erfiðleikum með að hemja innihaldið í pokanum. Þegar hann hafi komið fram, hafi hann séð Guðmund standa yfir Þorsteini, þar sem hann lá á gólfinu. Hafi Guðmundur haldið á „melspírunni“ í hægri hendi og um hana miðja, að því er hann minnir. Þorsteinn hafi legið á bakinu og blóð verið á gólfinu við hlið honum. Ákærði kveðst ekki hafa litið framan í Þorstein og ekki séð neinn áverka á honum. Hafi hann aðeins séð fætur Þorsteins. Geti hann ekki sagt, hvort lífsmark hafi verið með honum. Ákærði kveðst hafa haldið í pokann og hlaupið upp stigann, tekið af sér hanskana aftur og farið að taka frá slagbrandana. Guðmundur hafi fylgt sér upp og farið að hjálpa sér við þetta. Hafi hann spurt sig, hvort hann væri með billyklana, en ákærði sagst aðeins vera með lyklna að stöð-inni og skápnum. Hafi Guðmundur þá farið aftur niður og náð í billyklana. Ákærði hafi farið að leita að lyklinum að hurðinni og þá litið niður í kjallarann og séð, hvar Guðmundur kraup við hlið Þorsteins og hélt á „melspírunni“ með báðum höndum um sverari endann. Hann hafi svo staðið á fætur og komið upp stigann með billyklana. Kveðst ákærði hafa opnað og gætt að mannaferðum. Guðmundur hafi svo gengið út og ákærði á eftir honum, og hafi hurðin skollið í lás á eftir þeim. Telur ákærði, að hann hafi þá stungið hönskunum í vasann. Guðmundur hafi spurt sig, hvort hann ætlaði að aka, en ákærði sagst, að hann gæti það ekki. Guðmundur hafi þá rétt sér „melspíruna“. Kveðst ákærði hafa ætlað að stinga henni inn á sig, en

ekki getað það og fengið blóð af henni á jakkann við þetta. Kveður ákærði ekki hafa verið mikið blóð á „melspírunni“, en þó hafi hnúðurinn verið blóðugur og eitthvert blóð á mjórri endanum. Ekki kveðst ákærði hafa séð annað en blóð á henni. Ákærði segir, að hann hafi ekki veitt því athygli, hvort eitthvað annað en bióð, s.s. gráar yrjur, hafi verið á „melspírunni“ eða á Guðmundi. Ákærði kveðst hafa misst eitthvað af smámynt úr poka-num við stöðina, og hafi það orðið til þess, að hann hætti við að stinga „melspírunni“ inn á sig. Hann hafi þess í stað lagt hana ofan á plastpokann og haldið á þessu út í bíl Þorsteins, sem staðið hafi við norðausturhorn hússins. Kveðst ákærði hafa sest í farþegasætið, en Guðmundur undir stýri, og kveðst hann hafa lagt „melspíruna“ milli sætanna, en haldið á peninga-pokanum í fanginu. Ákærða minnir, að þeir hafi ekið Háaleitisbraut, en kveðst ekki muna nánar, hvaða leið. Hann segist þó muna eftir að hafa ekið Snorrabraut og Laugaveg. Á leiðinni hafi Guðmundur sagt, að Þorsteinn hefði andað, þegar hann fór upp úr kjallaranum, en ekki geta sagt með vissu, hvort Guðmundur hafi eitthvað sagt frá því, hvað hann hefði gert Þorsteini. Ákærði kveðst annaðhvort hafa rifið eða þá skorið upp uppgjörstöskuna með vasahníf, sem hann hafi borið á sér, og opnað hana. Hafi hann stungið peningunum inn á sig á leiðinni niður á Smiðjustíg, en skilið tékkana eftir í töskunni. Þegar á Smiðjustíginn var komið, hafi Guðmundur farið inn með plastpokann og allt, sem í honum var. Kveðst ákærði ekki hafa farið inn á Smiðjustíginn í þetta sinn. Guðmundur hafi sagt, að hann gæti ekki látið sjá sig, þar sem hann væri svo blóðugur, og hafi þá ákærði tekið að sér að fara með bilinn. Hafi Guðmundur einnig sagt við ákærða, að hann skyldi koma „melspírunni“ einhvers staðar þannig fyrir, að hún myndist ekki. Hafi sér strax flogið í hug að henda henni í sjóinn. Ákærði kveðst hafa sett upp hanskana og þurrkað blóð af stýrinu og ekið bifreiðinni á bifreiðastæði við Vesturgötu, þar sem hann skildi töskuna eftir með tékkunum í bílnum og læsti honum. Ákærði kveðst hafa gengið niður að höfn og hent „melspírunni“ og bíllyklinum í sjóinn. Hann hafi svo tekið strætisvagn í Hafnarstræti og farið út við Þjóðleikhúsið og komið heim á Smiðjustíg 10 15-20 mínútum á eftir Guðmundi. Þegar þangað kom, hafi Sesselja verið farin út með föt Guðmundar til að henda þeim og Guðmundur verið á baðinu að þrífa sig. Hafi Sesselja svo komið aftur rétt á eftir sér. Ákærði kveðst hafa gengið inn í herbergi til Guðmundar, sem þá hafi verið lagstur upp í rúm. Hafi Guðrún þá verið að vakna. Guðmundur hafi sagt við Sesselju, að þetta hefði ekki farið eftir áætlun og að hann hefði drepíð Þorstein. Ekki hafi hann lýst þessu neitt nánar, en þó sagt, að blóð- og heilaslettur hefðu verið út um allt. Ákærði kveður þá Guðmund hafa skipt með sér fengnum, og hafi um 80.000 kr. komið í hlut hvors þeirra. Þeir hafi þó ekki skipt með sér myntinni, heldur

hafi Guðmundur fengið hana alla. Guðmundur hafi sagt við sig, að hann skyldi fara út og henda fötunum. Kveðst ákærði hafa orðið við því, og hafi þau Guðrún farið út og hent fötunum í öskutunnu í næstu götu. Ákærði kveður mest af peningunum hafa farið í drykkju og skemmtanir, en einnig hafi hann keypt sér fatnað.

Ákærði Guðmundur Helgi neitaði því í fyrstu að vita nokkuð um atburðinn í Stóragerði. Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 11. maí sl. breytti hann hins vegar framburði sínum og skýrði frá því, að mánudaginn næsta á undan hefði Snorri komið að máli við sig og beðið sig að koma með sér og ræna bensinstöðina í Stóragerði. Hefði Snorri spurt Guðrúnu, hvort ekki væri öruggt, að Þorsteinn yrði á vakt næsta miðvikudagsmorgun, og hefði hún svarað einhverju. Snorri hefði þá sagt við sig, að þetta væri alveg „skoðhelt“. Aðfaranótt miðvikudagsins hefði Snorri rætt þetta lítillga, en ákærði kvaðst svo hafa sofnað, og hefði Snorri vakið sig um klukkan hálf-sjö og þeir lagt af stað, og hefði Snorri tekið með sér „melspiru“, sem hann var vanur að hafa með sér í innbrot sleiðangra. Minnti ákærða, að hann hefði stungið henni í annan skóinn. Skömmu eftir að þeir voru komnir að bensinstöðinni, hefði Þorsteinn komið þar að, en Snorri hefði verið búinn að segja, að hann kæmi þar alltaf kl. 7.05 til þess að laga kaffi. Þorsteinn hefði strax heilsað Snorra og spurt, hvað hann væri að gera. Hefði Snorri sagt, að þeir væru að koma af sjónum og bíll þeirra hefði bilað. Hefðu þeir komið þarna til þess að fá kaffi og til þess að fá að hringja. Þorsteinn hefði boðið þeim inn og tekið þjófavarnarkerfið úr sambandi. Hann hefði haft gætur á sér, þar sem hann hefði verið illa til reika og með bólgið og brotið nef. Þorsteinn hefði gengið inn í eldhússkrók og sagst ætla að hella upp á fyrir þá. Snorri hefði farið á eftir honum, en sjálfur kvaðst ákærði hafa beðið frammi í afgreiðslunni. Þorsteinn og Snorri hefðu eitthvað rætt saman, en svo hefði Snorri ógnað Þorsteini og hreyft sig eitthvað, og kvaðst ákærði hafa heyrt, að þeir stimpuðust á. Hefði Þorsteinn komið æðandi fram álútur og haldið annarri hendi um andlit sér, og hefði talsvert blætt úr andliti hans. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað, hvað Þorsteinn ætlaði að gera, en hann hefði gripið í sig. Kvaðst ákærði þá hafa slegið hann með vinstri hendi, og hefði Þorsteinn þá farið inn í eldhús aftur. Þorsteinn hefði byrjað að veina og sagt við Snorra, að hann elskaði hann, og rétt fram hendurnar. Taldi ákærði, að hann væri að rétta Snorra lyklana, þó að hann sæi það ekki. Snorri hefði þá slegið hann með „melspirunni“ í höfuðið, og kvaðst ákærði þá hafa fengið yfir sig blóðslettur. Hefði hann orðið hræddur og séð, að þetta stefndi í óefni. Þorsteinn hefði veinað og beðið um, að hann yrði ekki drepinn. Kvaðst ákærði hafa tekið í hönd hans og sagt honum að koma með sér niður í kjallara. Hefði Þorsteinn beðið um, að hringt yrði á sjúkrabíl, því að sér væri svo illt

í höfðinu. Kvaðst ákærði myndu gera það, þegar þetta væri búið, ef hann kæmi með þeim niður. Kvaðst ákærði hafa leitt Þorstein niður stigann, og hefði Þorsteinn komið á eftir sér og stuðst við sig. Þegar þeir hefðu átt eina eða tvær tröppur eftir niður, hefði hann heyrt smell, og hefði Þorsteinn fallið á sig og svo á gólfið. Hafði Snorri, sem gekk síðastur, barið hann með „melspírunni“ aftan á höfuðið. Ákærði kvaðst hafa kropið niður við hlið Þorsteins, sem hefði legið á bakinu, og heyrt, að hann andaði með hryglu. Snorri hefði hlaupið yfir Þorstein með lykla, sem hann hafði tekið af honum, og inn í kjallarann. Ákærði kvaðst svo hafa séð, að Snorri var að taka peninga úr peningaskáp og setja í blóðugan plastpoka. Ákærði kvaðst þá hafa átt að sig á því, hvað gerst hafði, og sagt Snorra að koma, tekið plastpokann og hlaupið upp stigann. Hann hefði lagt frá sér pokann og byrjað að taka slagbrand frá bakdyrunum og opnað. Á meðan hefði hann heyrt eins konar dynki og séð, hvar Snorri kraup yfir Þorsteini með „melspíruna“ í báðum höndum og stakk henni aftur og aftur í brjóst honum. Taldi ákærði dynkina hafa stafað af því, að vopnið fór í gegnum manninn og í gólfið. Ákærði kvaðst þá hafa hlaupið niður stigann og þrifið í Snorra, en ekki getað komið upp orði, þar sem hann hefði verið í losti. Hann hefði tekið Snorra með sér og tekið bíllyklana, sem Snorri hafði tekið af Þorsteini. Hefði hann hlaupið út í bifreið Þorsteins, gangsett hana, kveikt á ljósunum og opnað fyrir Snorra, sem hefði haldið á pokanum og sett á gólfið á milli fóta sér. Hefði hann ekið niður á Smiðjustíg. Á leiðinni hefði Snorri beðið sig að ræða þetta ekki, því að hann vildi ekki, að Guðrún vissi um þetta. Þeir hefðu báðir farið þar inn og Snorri haldið á pokanum. Hefði Snorri viljað fá sig með til þess að losa sig við bílinn, en ákærði hefði sagt, að hann gæti það ekki, enda hefði honum verið flökurt alveg frá því í bensinstöðinni. Hann kvaðst hafa litið í spegil þarna á Smiðjustígnum og séð, að ekki hefðu einungis verið blóðslettur framan í sér, heldur einnig gráyrjóttar heilaslettur. Ákærði kvaðst svo hafa ælt margsinnis, en Snorri hefði farið, eftir að hafa skilið peningapokann eftir. Ákærði kvaðst hafa beðið Sesselju að henda öllum fötum sínum, þar sem hann treysti sér ekki til þess. Eftir að hafa þrifið sig, hefði hann tekið allar þær róandi töflur, sem hann fann þarna.

Ákærði kvaðst hafa sagt Sesselju frá þessu og að hann hefði lamið manninn og hafa átt við, að hann hefði slegið hann með vinstri hendi.

Ákærði kvaðst hafa séð 120 - 140 þúsund krónur í peningum, en Snorri hefði e.t.v. tekið eitthvað sjálfur. Þá kvað hann Snorra hafa sagst hafa skilið bílinn eftir niðri í bæ og hent „melspírunni“ í sjóinn.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 16. maí sl. skýrði ákærði frá á sama veg og áður. Auk þess kvaðst hann hafa slegið Þorstein með vinstri hnefa á hökuna. Þá kvað hann gapandi sár hafa verið á hliðinni á höfði

Þorsteins, þar sem hann lá á gólfinu, og að hann hefði þá verið að deyja.

Ákærði kvað Snorra hafa verið með „melspíruna“ í vasa innan á úlpunni eða í skónum, en alls ekki í buxnastrengnum.

Frásögn Sesselju af því, hvað hann hefði sagt um atburðinn, eftir að heim var komið (sbr. hér á eftir), var borin undir ákærða, og kvaðst hann ekki neita því að hafa sagt þetta, en það hefði verið ætlað eyrum Guðrúnar fyrst og fremst, enda hefði Snorri rætt um það við sig í bilnum á leiðinni heim, að ákærði tæki þetta á sig hennar vegna.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 22. maí sl. sagði ákærði, að Snorri hefði rætt við sig mánudaginn 23. apríl um að ræna peningum í bensinstöðinni í Stóragerði morguninn eftir. Það yrði þó komið undir því, hvort Þorsteinn væri þá á vaktinni. Þegar Guðrún hefði sagt, að hann væri ekki á vakt, hefði þessu verið frestað. Það hefði svo verið ákveðið um þriðjudagskvöldið að framkvæma þetta næsta morgun. Hefðu þeir Snorri rætt þetta í eldhúsinu, og taldi hann, að stúlkurnar hefðu ekki heyrt til þeirra. Snorri hefði sagt, að Þorsteinn myndi láta þá fá peningana „og að þetta yrði ekkert mál“. Þá hefði hann sagt, að Þorsteinn myndi þegja yfir þessu. Þeir Þorsteinn væru kunningjar, og þetta yrði allt í lagi. Aldrei hefði verið rætt um það að beita manninn ofbeldi eða hótunum. Varðandi sullið, sem hann hefði hrært, þá hefði hann ætlað að neyta þess sjálfur, þar sem hann þorði ekki að taka þátt í þessu. Þá kvað ákærði það vera lygi hjá Snorra, að þeir hefðu verið búnir að ákveða að fara á brott í bil Þorsteins.

Ákærði var beðinn að skýra, hvernig hann hefði fengið á sig blóð- og heilaslettur. Kvað hann vera hugsanlegt, að hann hefði fengið á sig blóð, þegar hann sló Þorstein í hökuna, þar sem hann hefði staðið hálfboginn upp við sig. Þá hefði hann staðið til hliðar og aftan við Snorra uppi fyrir innan afgreiðsluna, þegar hann sló Þorstein í höfuðið með „melspírunni“, enda hefði hann fundið, að eitthvað kom á sig. Þorsteinn hefði svo fallið á sig, þegar Snorri sló hann í stiganum, og hann hefði svo kropið yfir Þorsteini, þar sem hann lá á gólfinu. Við þetta hefði hann fengið meira á sig. Kvað hann höfuð Þorsteins hafa verið „meira og minna mélað“, gagnauga og kinnbein málbrotið og höfuðið opið. Þá kvað ákærði það rangt hjá Snorra, að ákærði hefði ekki komið inn í skrifstofuna, þar sem peningaskápurinn var.

Ákærði hefur neitað því við meðferð málsins að eiga sök á dauða Þorsteins Guðnasonar. Hefur hann skýrt frá því, að það hafi verið um miðjan dag mánudaginn fyrir atburðinn, að þeir Snorri hafi farið að ræða um að fara í bensinstöðina við Stóragerði og ræna hana. Hafi Snorri sagt, að þetta væri ekki hægt, nema vinnufélagi hans væri þar á vakt. Hafi hann spurt Guðrúnu, hvenær maðurinn yrði á vakt. Kveðst ákærði hafa sagt, að ekki kæmi til greina að beita neinum líkamsmeiðingum, en Snorri hefði áður

verið búinn að vekja máls á slíku við sig. Hafi Snorri sagt, að þessi fyrrverandi vinnufélagi sinn væri búinn að gera við sig samkomulag um það, að hann myndi afhenda sér peninga stöðvarinnar, áður en félagar hans kæmu til vinnu. Allt hafi þetta þó verið heldur óljóst í munni Snorra, og kveðst ákærði hafa fallist á að fara með honum, fyrst á þriðjudeginum, eins og Snorri hafi stungið upp á. Á mánudagskvöldið hafi Snorri þó sagt sér, að þessi félagi sinn yrði ekki á vakt fyrr en á miðvikudag, og því yrðu þeir að fresta þessu þangað til. Kveðst ákærði þá hafa spurt Snorra nánar um, hvað hann ætlaði að gera. Hafi Snorri sagt, að þetta væri ekkert mál, því að þeir maðurinn væru vinir, og myndi maðurinn afhenda peningana. Einnig hafi hann talað um að ræna stöðina. Hafi Snorri talað um, að þarna gætu verið um 700.000 kr. Snorri hafi svo ítrekað þetta við sig á þriðjudagskvöldið og spurt, hvort hann væri tilbúinn að koma með, og kveðst ákærði hafa játað því. Ákærði kveðst hafa farið að sofa um klukkan fjögur um nóttina, en Snorri hafi svo vakið sig um hálf sjö. Hafi Snorri tekið með sér „melspiru“, sem hann hafi verið vanur að hafa í innbortsleiðöngrum. Ekkert hafi þó verið talað um innbrot í þetta sinn. Ákærði kveðst hafa tekið með sér sprautu með adrenalíni, sem hann ætlaði að sprauta sig með. Segir hann aðspurður, að hann hafi ekki verið búinn að fá sér neitt þarna um morguninn, en hann viti ekki um Snorra. Ákærði kveður þá hafa gengið upp á Hlemm og tekið strætisvagn upp á Grensásveg og farið úr vagninum við eitthvert Gerðið. Hafi Snorri ekki viljað fara í leigubíl. Ákærði kveðst hafa fengið adrenalínuft hjá meðákærða, og hafi þeir báðir tekið af duftinu, en hann hafi ekki komið því við að sprauta sig, eins og hann hafði ætlað sér. Ákærði kveðst hafa verið í loðfóðruðum gallajakka, gallabuxum og svörtum klossum og með hanska á höndum, eins og hann hafi verið vanur. Þeir hafi gengið að bensínstöðinni og komið þangað 5 mínútur yfir 7. Hafi Snorri sagt Þorstein myndu koma rétt rúmlega 7 og féлага hans 20 mínútur yfir sjö. Ákærði kveðst hafa haft tíma til að reykja eina sígarettu, áður en Þorsteinn kom. Kveðst ákærði hafa sagt við Snorra, meðan þeir biðu Þorsteins, að ef eitthvað kæmi upp á, skyldu þeir hætta við ránið og biðja um lán fyrir strætó. Þorsteinn hafi komið þarna að í hvítri bifreið og lagt henni við norðausturhorn stöðvarinnar. Þeir Snorri og Þorsteinn hafi heilsast, og kveðst ákærði þá hafa skynjað það, að ekki var eins í pottinn búíð og Snorri hefði talað um. Hafi Snorri sagt, að þeir væru að koma af sjó og bíll sinn hefði bílað þarna rétt hjá, og spurt, hvort hann mætti hringja. Hafi Snorri kynnt sig sem féлага sinn af sjónum, en ekki með nafni. Kveður ákærði þá hafa farið inn um aðaldyrnar á vesturhlíð á eftir Þorsteini. Hafi hann veitt því athygli, að hurðin féll ekki að stöfum, því að eitthvað hefði verið sett fyrir hana. Þorsteinn hafi byrjað á því að taka þjófavarnarkerfið af og gert að gamni

sínu um leið, að hann hefði rétt náð að aftengja það, áður en það fór í gang. Kveðst ákærði hafa orðið eftir frammi í miðri afgreiðslunni, en Snorri hafi farið inn fyrir með Þorsteini.

Þegar hér var komið sögu, kveðst ákærði hafa verið búinn að gefa þetta allt upp á bátinn og talið, að þetta hefði verið allt rugl í Snorra og að engin líkindi væru til þess, að þessi maður, sem væri miklu eldri en Snorri, hefði verið að bralla þetta með honum.

Þorsteinn hafi farið inn í skot, sem er þarna inni, og kveðst hann hafa séð á bakið á Snorra þarna í gættinni. Snorri hafi hreyft sig snögg og ákærði þá heyrt smell. Í sömu andrá hafi Þorsteinn komið hlaupandi fram og haldið um andlitið, vinstra megin, að því er ákærði telur. Hafi hann hlaupið fram fyrir afgreiðsluborðið og beint á sig. Ákærði kveðst hafa séð, að blóð var á hendi Þorsteins. Þorsteinn hafi gripið í sig, og kveðst ákærði þá hafa slegið Þorstein með vinstri hendi. Ákærði kveðst ekki geta útskýrt, af hverju hann hafi gert þetta, enda hafi hann ekkert átt sökótt við hann. Ákærði kveðst hafa verið handlama á hægri hendi. Þorsteinn hafi þá hlaupið aftur inn í krókinn, en ákærði farið í humátt á eftir honum. Ekki kveðst ákærði muna, hvort Snorri hafi fylgt Þorsteini fram fyrir afgreiðsluborðið. Snorri hafi æpt á Þorstein, að hann skyldi láta sig hafa peningana, en Þorsteinn beðið sér vægðar, að hann yrði ekki drepinn. Þorsteinn hafi rétt fram báðar hendur og verið þá orðinn alblóðugur í framan. Kveðst ákærði hafa séð, að hann hélt á brúnu lyklaveski. Hafi Þorsteinn beðið þá að hringja á sjúkrabil. Snorri hafi sagst skyldu hringja, ef hann kæmi niður, og kveðst ákærði hafa tekið undir það. Snorri hafi tekið við lyklaveskinu og slegið Þorstein í höfuðið með „melspírunni“, og hafi þá kveðið við þungur smellur. Þegar þetta gerðist, hafi þeir verið staddir fyrir framan eldhússkrókinn allir þrír. Ákærði kveðst hafa tekið í hönd Þorsteins og teymt hann niður stigann og sagt, að hann myndi hringja á sjúkrabil. Hafi Þorsteinn haldið um höfuð sér og kveinað. Kveðst ákærði hafa verið kominn niður stigann í neðstu tröppu, þegar Þorsteinn hafi fallið aftan á sig, eftir að ákærði heyrði þriðja smellinn. Hafi hann talið, að Snorri hefði barið Þorstein. Ákærði kveðst hafa vikið sér undan og Þorsteinn fallið á hliðina og svo á bakið við stigann. Snorri hafi stigið yfir Þorstein og farið inn í kjallarann. Ákærði kveðst hafa séð, að Þorsteinn var í andarslitrunum, og hafi hann andað með hryglu, og hafi verið svöðusár á gagnauganu. Ákærði kveðst ekki geta lýst frekari áverkum á honum, en hann hafi verið viss um, að Þorsteinn væri að deyja. Ákærði kveðst hafa hlaupið inn kjallarann og komið að meðákærða, þar sem hann var að tina peninga úr peningaskápnnum og setja í plastpoka. Kveðst hann hafa þrifið í Snorra og sagt honum að koma. Snorri hafi ekki hreyft sig og haldið áfram að setja í pokann. Ákærði kveðst hafa þrifið pokann og hlaupið með hann

upp, skelfingu lostinn. Ákærði kveðst hafa ætlað út og farið að reyna að opna bakdyrnar, enda þóit aðaldyr væru opnar. Kveðst hann hafa verið að draga slagbrand frá dyrunum, þegar hann hafi heyrt þrjú eða fjögur högg að nýju. Hafi það virst vera sams konar smellir og heyrðust, þegar Snorri hafði slegið Þorstein áður. Kveðst hann hafa litið niður og séð Snorra standa yfir Þorsteini og halda á „melspírunni“ með báðum höndum og stinga Þorstein einu sinni með verkfærinu einhvers staðar í líkamann. Kveðst ákærði þá hafa hiaupið niður stigann. Hafi Snorri rétt sér lykla og sagt, að þeir skyldu fara á brott í bíl Þorsteins. Ákærði kveðst hafa opnað og farið út um bakdyrnar, en hann segir rifu hafa þá verið á vesturdyrunum. Hann kveðst næst muna eftir sér, þar sem hann gekk að bíl Þorsteins og settist undir stýri og setti hann í gang. Hafi hann kveikt ljósín, tekið úr handbremsu og spennt öryggisbeltið. Snorra hafi dvalist inni í 2 - 3 mínútur, en síðan hafi hann komið út og sest við hlið sér með plastpokann, sem hann setti á milli fóta sér. Hafi „melspíran“ verið í plastpokanum.

Ákærði kveðst hafa ekið Grensásveg, Miklubraut, Lönguhlið, Flóka-götu, Skólavörðustíg og niður Smiðjustíg. Á leiðinni hafi Snorri beðið sig að koma með sér til að losa sig við bílinn, en hann hafi verið búinn að segja Snorra, að hann ætlaði beint heim. Kveðst ákærði hafa neitað þessu, en ekki gefið neina ástæðu. Þeir hafi ekkert rætt, hvað gera skyldi við bílinn og „melspíruna“. Snorri hafi spurt sig, hvort hann gæti ekki tekið peningana, og kveðst ákærði hafa neitað því. Kveðst ákærði hafa sagt við Snorra, að hann gæti gert þetta allt sjálfur, enda kveðst hann hafa verið orðinn veikur.

Ákærði kveðst hafa séð Snorra með tösku. Snorri hafi svo sagt sér seinna, eftir að hann var kominn heim á Smiðjustíg, að hann hefði tekið peninga úr töskunni og stungið á sig. Þá kveðst ákærði hafa séð, að Snorri þurrkaði framan úr sér á leiðinni.

Ákærði kveður Snorra hafa beðið sig um það á leiðinni að láta ekki uppi við Guðrúnu neitt um hans þátt í málinu og taka á sig verkið. Kveðst ákærði engu hafa svarað þessu. Fleira hafi þeir ekki rætt á leiðinni.

Ákærði kveðst hafa farið inn á bað, eftir að hann var kominn heim, og kastað upp, enda orðið flökurt af öllu því, sem gerst hafði. Kveðst hann hafa farið úr fötunum og skilið utanyfirfötin eftir frammi á gangi og farið í bað. Ákærði kveðst hafa tekið eftir einhverjum mjúkum og gráleitum yrjum í hárinu á sér, eftir að hann kom heim.

Ákærði kveðst ekki hafa farið inn með neitt af peningunum, en Snorri hafi komið á eftir sér inn. Ekki getur ákærði sagt, hversu lengi Snorri dvaldist þar, en hann hafi svo farið burt á bílnum. Hafi blóðdropar verið í andliti Snorra, en ekki hafi hann séð blóð á fötum hans. Ákærði kveðst hafa verið með hanska allan tímann.

Snorri hafi komið heim aftur eftir klukkustund eða meira, og hafi hann komið inn í herbergi til sín. Hafi Snorri skipt peningunum milli þeirra, og hafi þeir fengið 60.000 krónur hvor í seðlum. Ákærði kveður skiptimyntina hafa verið um 17.000 krónur, og hafi Snorri beðið sig að koma henni í lóg, því að hann væri að fara á sjóinn. Snorri hafi sagt, að fengurinn hefði verið um 200.000 krónur alls, sumt hefði verið í tékkum, og hefði hann fleygt tékkunum. Ákærði kveðst hafa beðið unnustu sína, Sesselju, að fleygja fötunum, enda hafi sér boðið við þeim vegna blóðsins. Telur hann, að hún hafi farið með þau öll og fleygt þeim einhvers staðar ásamt klossum, sem hann hefði verið á.

Ákærði kveðst telja, að ránsfengnum hafi verið eytt í fíkniefni og brennivín.

Ákærða hefur verið bent á það, að hann og aðrir hafi borið, að hann hafi verið allur útataður í blóði og heilaslettum. Kveðst ákærði hafa gert of mikið úr þessu hjá lögreglunni og telur, að þetta sé ofsagt hjá sér. Stafi það af því, að hann hafi verið í miklu „sjokki“. Ákærði kveðst viðurkenna, að blóð hafi verið framan í sér og á fötunum. Hefur hann verið beðinn að skýra, hvernig það hafi getað komið á hann. Kveðst hann hafa staðið við hliðina á Snorra, þegar Snorri hafi slegið Þorstein, og eins hafi hann getað fengið blóð á sig, þegar hann hafi slegið Þorstein sjálfur með hnefanum. Þá kveður ákærði geta verið hugsanlegt, að hann hafi fengið meira á sig í stiganum, en það hafi þó ekki lent framan í sér í það sinn. Ákærði kannast við að hafa kropið niður að Þorsteini, eftir að hann féll á gólfið, en hann hafi ekki fengið á sig blóð við það. Ákærði kveðst hafa kropið niður á móts við mjaðmir eða kvið Þorsteins, og hafi hann gert þetta ósjálfrátt. Ákærða hafa verið sýndar ljósmyndir af líki Þorsteins, og segir hann, að Þorsteinn hafi ekki litið eins út og þar geti að líta, þegar hann hafi kropið hjá honum, a.m.k. hafi það ekki verið neitt í líkingu við það, sem sjáist á myndunum.

Guðrún Gísladóttir, unnusta ákærða Snorra, hefur skýrt frá því, að hún hafi ekkert heyrt um fyrirætlanir ákærðu um að fara á bensinstöðina og ráðast þar á starfsmann. Aftur á móti hefðu þeir rætt um að brjóta upp sjálfsala á bensinstöð. Kveðst hún hafa verið sofandi, þegar þeir fóru út þennan morgun, og hafa vaknað á milli kl. 7 og 8 við það, að Guðmundur Helgi hafi verið inni á salerni að æla. Kveðst hún svo hafa orðið vör við, að hann lét renna í kerlaugina og færi í bað. Hann hafi verið óttasleginn á svipinn og skjálfhentur, en að öðru leyti hafi ekkert sérstakt verið við hann.

Snorri hafi komið heim 15 - 20 mínútum eftir þetta. Hann hafi verið hræddur og talað óskýrt og hikandi. Kveðst hún hafa spurt Snorra, hvað gerst hefði. Hafi þeir báðir sagt, að þeir hefðu ætlað á bensinstöðina og

rota Þorstein, en óvart drepið hann. Í átökunum hefði Þorsteinn náð jární af Guðmundi og slegið hann með því í magann. Hefði Guðmundur svo slegið Þorstein í höfuðið. Hefði Þorsteinn oltið niður stigann og niður á lager. Hefði hann legið þar, þegar Snorri kom fram úr kompunni með peningana, en þar hefði hann verið, þegar Þorsteinn var sleginn og valt niður stigann. Vitnið kveður Guðmund hafa verið viðstaddan og heyrt, hvað Snorri sagði vitninu, og hafi Guðmundur sagt: „Það var ég, sem drap hann.“ Hafi hann sagst hafa verið allur útataður í blóði. Vitnið kveðst hafa spurt Snorra, hvernig hann hefði getað fengið af sér að gera þetta, og hefði Snorri sagt, að ekki hefði verið ætlunin að drepa hann. Kveðst hún hafa margspurt Snorra að þessu, því að Þorsteinn hefði verið þeim báðum góður og þau bæði þekkt hann vel, og hefði Snorri svarað, að hann vissi það ekki.

Guðrún segir, að Guðmundur hafi spurt Snorra, eftir að þeir komu heim, hvort hann hefði tekið með sér á bensinstöðina járn, sem vitnið áleit, að hefði verið stór og mikill öxull. Hefði Snorri sagt, að hann hefði ekki tekið það með sér.

Guðrún kveðst hafa spurt þá, hvar Þorsteinn hefði dáið, og hafi þeir sagt það hafa verið niðri í kjallara. Ekki hafi verið neitt talað um, hvað hefði gerst uppi á hæðinni, áður en farið var niður í kjallarann. Ekki hafi neitt verið rætt um, hvernig Þorsteinn hefði verið í kjallaranum, þegar hann var barinn til dauða, og ekkert rætt um, að hann hefði verið stunginn.

Vitnið kveður Guðmund aldrei hafa gengið með hanska, en hann hafi þó verið með plasthanska, þegar hann var að fíkta í eiturfylfjum.

Vitnið kveður Sesselju hafa farið út með föt Guðmundar og sett í einhvern gám í nágrenninu. Hafi hún ekki séð þau. Aftur á móti hafi hún séð föt Snorra og ekki séð blóð á þeim. Vitnið segist hafa spurt Snorra, af hverju þau hentu fötum hans, og hafi hann gefið þá skýringu, að einhver hefði getað séð til þeirra.

Vitnið kveður þau Snorra hafa komið nokkrum sinnum á stöðina við Stóragerði, eftir að Snorri hafði unnið þar, og hefði það verið til að heim-sækja Þorstein og kaupa bensín á bílinn.

Guðrún kveður Snorra hafa spurt sig, hvenær faðir hans yrði á vakt. Hafi hún spurt, af hverju hann vildi vita það, og hafi Snorri sagt, að hann þyrfti að ná tali af honum. Segir hún, að faðir Snorra hafi staðið vaktir á víxl við Þorstein, en þeir hafi þó ekki unnið á sömu stöð.

Guðrún kvað Snorra hafa sagt, að hann hefði tekið bíl Þorsteins og skilið hann eftir á einhverju „plani“ og hent lyklunum í sjóinn. Hefði hann verið bæði með seðla og mynt og þeir Guðmundur skipt peningunum með sér og komið 90.000 krónur í hvorn hlut.

Sesselja Engilráð Barðdal neitaði í upphafi allri vitneskju um atburðinn

í Stóragerði. Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 7. maí sl. skýrði hún hins vegar frá því, að miðvikudagsnóttina 25. apríl hefðu þau öll fjögur verið heima á Smiðjustígnum. Guðrún og Snorri hefðu sofnað í stofunni, en Guðmundur inni í svefnherbergi. Sjálf hefði hún verið á fótum alla nóttina við að „strauja“ og taka til. Hefði hún vakið Snorra kl. sex, eins og Snorri hefði beðið um. Snorri hefði svo vakið Guðmund. Hún hefði spurt, hvað þeir ætluðust fyrir, og hefði Guðmundur þá orðið ruddalegur og svarað, að henni kæmi það ekki við. Hún kvaðst þó hafa vitað, að þeir ætluðu að ræna bensinstöð. Hún hefði þó ekki vitað, að þeir ætluðu að drepa mann. Þeir hefðu tekið inn eitthvert hvítt duft, klætt sig í yfirhafnir og farið út. Taldi hún, að klukkan hefði þá verið um hálf sjö. Ekki kvaðst hún vita, hvað klukkan hefði verið, þegar þeir komu aftur í bil, en Guðmundur hefði komið inn og lagt úlpuna sína á gólfið og farið beint inn á það. Hann hefði beðið sig að taka föt sín og skóna og láta það hverfa. Hefði hann verið mjög sérkennilegur til augnanna. Þá hefði Guðmundur farið í það. Hún kvaðst hafa tekið úlpuna, sem hefði verið blóðug að framan, gallabuxur, peysu, jakka og skó og sett í tvo plastpoka. Hefði hún farið með þetta og sett í gám við Sölvhólsgötu. Þegar hún kom aftur, hefði Snorri verið kominn og þeir tveir verið með peningaseðla og eitthvað verið að tala saman inni í svefnherbergi. Svo segir orðrétt í skýrslunni:

„Guðmundur sagði þarna um morguninn við okkur, þ.e. mig, Guðrúnu og Snorra, að þeir hefðu ógnað manninum með einhverju, sem þeir voru með, en maðurinn hefði náð því verkfæri af Guðmundi og slegið hann í magann. Guðmundur hefði þá ráðist á manninn, og einnig talaði hann um, að Snorri hefði haldið manninum eða eitthvað þess háttar (sic). Síðan hefði hann lamið manninn í höfuðið, og hefði það verið „ógeðslegt“. Ég spurði Guðmund að því, hvort maðurinn hefði verið dæinn, og svaraði hann því játandi. Þegar við sátum þarna fjögur í sófanum í stofunni og Guðmundur var að tala um þetta, þá man ég ekki til þess, að Snorri hafi neitt sagt.“

Þegar Sesselja kom fyrir dóm 10. maí sl., bar hún á sama veg og hjá rannsóknarlögreglunni. Auk þess kvað hún Snorra hafa verið búinn að segja sér af ráðagerð þeirra um nóttina, án þess að Guðmundur vissi. Þá kvað hún þá hafa fengið sér amfetamín, áður en þeir fóru í leiðangurinn. Taldi hún, að klukkan hefði verið 7.25, þegar þeir komu aftur á bil. Guðmundur hefði viðurkennt að hafa slegið manninn í höfuðið og að það hefði verið „ógeðslegt“.

Sesselja kvaðst hafa heitið Guðmundi því, að hún myndi ekki segja frá verknæðinum, og væri það ástæðan til þess, að hún hefði ekki sagt satt í upphafi. Þau hefðu þó ekkert sammælst um að skýra rangt frá.

Þá skýrði Sesselja frá því í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu þennan sama dag, að Snorri hefði sagt sér þarna um miðvikudagsnóttina, að þeir ætluðu

að ræna bensinstöð við Stóragerði um morguninn. Ætluðu þeir að rota manninn í stöðinni og ræna peningum. Hefði Snorri sagst kannast við manninn. Hún skýrði einnig frá því, að meðan Guðmundur hefði verið á baðinu, hefði hann sagst hafa barið manninn í höfuðið, og það hefði verið ógeðslegt. Hefðu blóð- og heilaslettur verið út um allt. Þá sagði hún, að gallajakki Guðmundar hefði verið nokkuð blóðugur að framan og blóðlituð tægja hefði hangið á miðri mittisúlpu Snorra, þ.e. á erminni, að því er henni fannst. Þó vildi hún ekkert fullyrða um það.

Sesselja kvaðst hafa spurt Guðmund að því, hvað Snorri hefði gert, og hefðu svör hans verið óljós. Hann hefði þó talað um, að Snorri hefði haldið maninum eða reynt það, þegar maðurinn hefði ætlað að ráðast á Guðmund.

Hinn 15. maí sagði Sesselja í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, að Guðmundur hefði sagst hafa barið manninn með verkfæri, sem Snorri átti. Sagðist hún hafa vitað, að þetta væri járnverkfæri, nokkuð langt, sem mjókkaði í annan endann, eins og nagli í laginu nema miklu lengra. Var henni sýnd ljósmynd af „melspírunni“, sem fannst í höfninni (sbr. hér á eftir), og kvað hún hana líkjast mjög verkfærinu, sem Snorri átti og hefði verið á Smiðjustígnum. Þá kvað hún Guðmund hafa kastað upp mörgum sinnum, þegar hann kom heim eftir atburðinn.

Hinn 17. maí sl. sagði Sesselja í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, að Guðmundur hefði sagt, að þeir hefðu reynt að tala við manninn og hótad honum. Enn fremur sagði hún, að Guðmundur hefði sagst hafa barið manninn í hnakkann. Hefði vantað part á höfuð mannsins. Guðmundur hefði sagt, að Snorri hefði „breyst í villidýr og farið aftur inn og gengið frá maninum“.

Við meðferð málsins hefur vitnið sagt, að hún hafi aldrei heyrt neinar samræður milli ákærðu um, að fyrirhugað væri að fara á bensinstöðina við Stóragerði og ráðast á mann þar, a.m.k. muni hún ekki til þess. Hún kveðst muna eftir því, að Snorri hafi sagt sér um nóttina, að þeir ætluðu að fara eitthvað, kannski til þess að brjótast inn, en vitnið man ekki nánar um þetta. Vitnið kveðst hafa heyrt, að Snorri og Guðmundur deildu um það, hvort þeir ættu að fara með strætisvagni eða leigubíl, áður en þeir lögðu af stað. Segir hún Guðmund Helga oft hafa verið slæman í fótum, enda hefði hann lent í mótorhjólaslysi. Ekki man vitnið, hvor þeirra vildi fara í leigubíl á vettvang.

Hún kveðst muna óljóst eftir því, hvernig ákærði Guðmundur leit út, þegar hann kom heim. Eitthvert blóð hafi verið á honum, en hún muni óljóst eftir því, hvar, enda hafi hún þá verið búin að vera stanslaust á sex mánaða „fyllirí“. Hún kveðst ekki geta fullyrt, hvað klukkan hafi verið, þegar hann kom heim, en hún hafi getað verið um átta. Hún kveðst ekki

muna, hvað þeim fór á milli. Hún segist hafa farið út að beiðni Guðmundar til þess að henda fötum hans. Minnir hana, að blóð hafi verið á jakkanum, en man ekki eftir blóði á buxunum. Vitnið segist muna eftir einhverjum gráum tægjum í blóðinu á jakka hans.

Sesselja segist muna eftir því, að einhverjar tægjur hafi verið á jakka Snorra, þegar hann lagði jakkann frá sér, eftir að hann kom heim rúmlega hálf tíma síðar. Hafi þær verið „grængrábrúnar“ að lit. Frásögn vitnisins í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 10. maí um blóðlitaða tægju á jakka Snorra hefur verið borin undir hana, og telur hún, að það sé sama tægjan. Leggur hún áherslu á, að hún muni þetta allt illa nú, en hún reyni að skýra frá eins og hún best muni.

Sesselja segir Guðmund hafa átt hanska, en ekki muna, hvort hann hafi gengið með þá, en þó telur hún, að hann hafi oft verið með þá.

Vitnið segist aðspurt ekki muna sérstaklega eftir því, að Guðmundur hafi verið handlama, þegar þetta var, en hann hafi oft verið slæmur í höndunum.

Vitnið kveðst mikið hafa notað eiturryf og kveður minni sitt vera skert af þeim sökum.

Sesselja kveður skýrslurnar, sem hún gaf hjá lögreglu, vera rétt eftir sér hafðar.

Vitnið Jón Helgi Hjartarson hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt hjá ákærðu á Smiðjustíg 10 þriðjudagskvöldið fyrir atburðinn, og hafi þá Snorri haft orð á því við Guðmund Helga, að „ein bensínstöð væri ekkert mál“. Vitnið kveðst hafa farið um kvöldið út með Sesselju og komið með henni um nóttina til baka, og hafi þá verið þar annar gestur fyrir, fárveikur, Jens að nafni. Þarna hafi verið ákærðu báðir og Guðrún, og eins hafi maður að nafni Hörður verið þarna. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neitt rætt um bensínstöð eða rán þarna um nóttina.

Vitnið Jens Sigurðsson hefur skýrt frá því, að það hafi dvalist hjá ákærðu að Smiðjustíg 10 frá mánudagskvöldinu á undan atburðinum og fram á næsta kvöld. Hafi Guðmundur farið að tala um, að þeir Snorri ætluðu að ræna einhverja bensínstöð til að ná sér í peninga. Hafi hann notað orðin „stóra böstið“ og „bösta“, og lagði vitnið þann skilning í orð ákærða, að hann væri að tala um rán. Kveðst það vera nokkuð viss um, að það hafi verið á bensínstöð, sem Snorri hafði unnið á. Talað hafi verið um, að Snorri þekkti manninn á stöðinni og að hann færi fyrir þeim, en síðan kæmi Guðmundur Helgi og rotaði manninn, og að nóg væri þarna af peningum.

Vitnið Sigurbjörn Alexandersson bensínafgreiðslumaður hefur skýrt frá því, að þegar hann hafi stigið úr strætisvagni við Listabraut um kl. 7.23 - 7.24 umræddan morgun, hafi hann séð bifreið Þorsteins kyrrstæða við

bensínstöðina. Ekki hafi hann fylgst með bifreiðinni eða stöðinni, meðan hann gekk í áttina þangað, en þegar hann hafi verið að ganga inn á planið við stöðina 2 - 3 mínútum síðar, hafi hann séð, hvar bifreiðinni var ekið út af planinu austanverðu. Ekki kveðst vitnið hafa séð til ferða annarra bifreiða, þegar hann hafi nálgast. Vitnið kveðst hafa verið klætt í bláa blússu og vinnuföt merkt Esso. Þá hafi það haldið á nesti sínu í hvítum innkaupapoka og með dökkbláa derhúfu á höfði.

Vitnið kveðst hafa séð smámynt við stöðvarhúsið og blóðslettur þar inni og að ýmislegt hafi verið þar úr lagi fært. Það kveðst ekki geta fullyrt, hvort afgreiðslukassinn hafi verið opinn, en vanalega sé hann hafður opinn á nóttunni. Segir vitnið, að sig minni, að myrkur hafi verið í kjallaranum, þegar inn var komið. Kveður það að jafnaði haft slökkt í kjallaranum á nóttunni.

Sigurbjörn kveður sér ekki vera kunnugt um, að neitt hafi horfið úr bensínstöðinni annað en peningar.

Vitnið Andrés Andrésson verkfræðingur hefur skýrt frá því, að það hafi ekið fram hjá bensínstöðinni við Stóragerði morguninn, sem atburður málsins gerdist, og hafi það þá séð tvo menn standa við hvítan bíl í norðausturhorninu á planinu við stöðina, og hafi þeir lotið höfði og vírst vera að horfa inn í bílinn. Í sömu andrá hafi það séð mann ganga inn á bensínstöðvarplanið vestanvert. Maðurinn hafi verið í úlpu með hettu eða húfu. Ekki kveðst vitnið hafa séð framan í manninn, en taldi, að þetta gæti verið Þorsteinn heitinn. Maðurinn hafi haldið á einhverju, sem líktist nestisþakka. Vitnið segir mennina tvo hafa staðið hinum megin við bílinn frá sér séð og því ekki séð nema efri hluta þeirra. Vitnið var á leið til vinnu eins og venjulega, og hafi það verið þarna frekar í fyrra fallinu. Giskar það á, að klukkan hafi verið nálægt kortér yfir sjö, en þó geti skeikað nokkrum mínútum til eða frá.

Vitnið Ellert Kristinn Halldórsson bensínafgreiðslumaður hefur skýrt frá því, að það standi vaktir með öðrum manni, og komi þeir jafnan um sama leyti til vinnu á morgnana, um 15 mínútur yfir sjö. Þó geti það komið fyrir, að hinn maðurinn sé kominn til vinnu á undan, kannski 1 - 2 mínútum áður. Vitnið kveðst ekki vita, hvort ákærða Snorra hafi verið kunnugt um þessar venjur þeirra. Hann hafi sjaldan staðið vaktir með þeim og yfirleitt komið á eftir þeim til vinnu. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að neins verkfæris eða áhalds hafi verið saknað úr stöðinni eftir atburð málsins. Kveður það ljósín hafa verið slökkt í kjallaranum kvöldið áður, þegar það hætti störfum. Vitnið kveður ákærða Snorra hafa verið kunnugt um uppgjörsmál stöðvarinnar, enda hafi hann stundum gert upp fyrir Þorstein.

Atburðurinn í bensínstöðinni var settur á svið með þátttöku ákærðu og

í samræmi við framburð hvors þeirra um sig. Var sviðsetningin kvikmynduð.

„Melspíra“ sú, sem fylgir gögnum málsins, fannst eftir tilvísun ákærða Snorra í Reykjavíkurhöfn. Hún er úr járn eða stáli og líkust stórum, sívölum nagla. Mælist hún 37,1 cm á lengd og vegur 758 g. Á henni er kringlóttur haus, 39 mm í þvermál og 16 mm á þykkt. Við hausinn er hún 25 mm í þvermál, en mjókkar síðan jafnt fram í u.þ.b. 10 mm breiðan og flatan enda, allhvassan. Var „melspíran“ send til rannsóknar til Home Office Forensic Science Laboratory í Abdermasthan í Englandi ásamt dælduðum bút úr málmhillunni, sem var við höfuð Þorsteins heitins og áður er getið, og sverum öxulbút, sem áður er getið.

Í skýrslu sérfræðings rannsóknarstofunnar, Michael John Feredy, kemur fram, að dældirnar tvær í hillunni virðist hafa verið gerðar með ávölum hlut af svipaðri stærð og hausinn á „melspírunni“ og annar endi öxulbútsins. Taldi Feredy líklegra, að dældin væri eftir „melspíruna“ en öxulbútin. Ekki væri þó hægt að segja um þetta með vissu og ekki hægt að útiloka, að dældirnar væru eftir einhvern annan hlut.

Ákærðu hafa séð „melspíruna“ við meðferð málsins hér í dóminum. Telja þeir hana hafa verið minni og frábrugðna „melspírunni“, sem þeir höfðu meðferðis í Stóragerði. Að sögn Snorra var sú „melspíra“ með flatari odd en þessi, og hafi hún verið ætluð til þess að splæsa víra, en þessi sé ætluð til að nota á kaðla. Hin „melspíran“ hafi verið heimasmiðuð, en þessi sé það ekki.

Aflað hefur verið annarrar „melspíru“, sem er lík að allri gerð þeirri, sem fannst í höfninni, en nálægt 14 cm lengri og eftir því gildari og þyngri. Telja ákærðu hana vera líka þeirri, sem var meðferðis í Stóragerði.

Niðurstaða.

Mikið ber á milli skýrslna ákærðu um atvikin í bensínstöðinni í Stóragerði. Ákærði Snorri hefur sagt, að þeir hafi farið í bensínstöðina í því skyni að ræna þar fé og að þeir hafi ætlað að rota Þorstein heitinn Guðnason með „melspíru“. Frásögn ákærða Guðmundar Helga af ráðagerð þeirra Snorra um ferðina og markmið hennar er fjarstæðukennd og andstæð skýrslum vitnanna Jens Sigurðssonar og Jóns Helga Hjartarsonar, og verður að hafna henni. Í hörðum og samfelldum átökum í stöðinni hlaut Þorsteinn þá áverka, sem rækilega hefur verið lýst hér að framan og leiddu hann til bana. Þegar það er virt, að Þorsteinn þekkti ákærða Snorra vel, að ákærði Guðmundur hafði að sögn Snorra talað um að drepa Þorstein, að ákærðu höfðu báðir sett upp hanska, til þess, að sögn Snorra, að ekki yrðu eftir fingraför, og loks, að ákærðu höfðu meðferðis lífshættulegt verkfæri til þess að beita gegn Þorsteini, verður að telja sannað, að fyrir

þeim hafi beinlínis vakað, þegar þeir lögðu af stað um morguninn, að ráða Þorsteini bana. Ekki er sannað, hvor ákærðu stakk Þorstein í brjóstið, sem telja verður, að hafi verið gert með „melspírunni“, og þá er ekki sannað, hvor þeirra veitti honum áverka á baki, og óvist, með hvaða öðru verkfæri það var gert. Enn fremur er ekki sannað, hvor ákærðu sló Þorstein með „melspírunni“ í höfuðið uppi á jarðhæðinni. Aftur á móti er sannað, að ákærði Snorri, sem bar á sér „melspíruna“, bauð hana fram eða gerði hana tiltæka til þess að berja Þorstein með henni. Þá er sannað, að ákærði Guðmundur Helgi sló Þorstein hnefahögg í afgreiðslu stöðvarinnar. Þá er enn sannað með skýrslum ákærðu og Sesselju Engilráðar Barðdal um blóð- og heilaslettur á ákærða Guðmundi Helga og með ummerkjum á vettvangi, að hann veitti Þorsteini höfuðáverkan mikla með „melspírunni“, þar sem hann lá við stigann í kjallaranum. Verður að telja ákærðu báða eiga jafna og fulla sök á dauða Þorsteins heitins. Hafa þeir með því gerst brotlegir við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa viðurkennt að hafa með framangreindu ofbeldi tekið þá fjármuni, sem ákært er fyrir og saknað var úr bensinstöðinni. Hafa þeir með því gerst brotlegir við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hafa ákærðu viðurkennt að hafa tekið traustataki bifreið Þorsteins heitins, R-22528, og ekið henni frá bensinstöðinni, fyrst Guðmundur Helgi að Smiðjustíg 10, en síðan Snorri þaðan að bifreiðastæðinu við Vesturgötu. Hafa þeir með því gerst brotlegir við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Vátryggingafélag Íslands hf. hefur bætt Oliufélaginu hf. tjón af broti ákærðu. Hefur félagið krafist þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða því 253.300 krónur ásamt hæstu leyfilegu vöxtum frá 16. ágúst 1990. Ákærðu hafa samþykkt kröfu þessa, og ber að dæma þá til þess að greiða hana ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 16. ágúst 1990 til greiðsludags.

II.

Föstudaginn 21. apríl 1989 gerði lögregla húsleit hjá ákærða Guðmundi Helga í Bröndukvísl 17, þar sem hann bjó þá. Fundust þar samtals 692 skammtar af efni, sem grunur lék á, að væri LSD. Annars vegar var um að ræða 68 ferhyrnda pappírsbúta með fjólubláu tákn, 8 x 8 mm að stærð, en hins vegar 624 gelatínferninga, 5 x 5 mm að stærð. Við rannsókn Þorkels Jóhannessonar prófessors reyndist um 81 míkrogramm af lýsergiðbasa vera í hverjum pappírsbút, en 105 míkrogrömm í hverjum gelatínferningi að jafnaði.

Auk þess var við húsleitina lagt hald á níu hnífa af ýmsum gerðum, bæði skraut-, bit- og kasthnífa, sem ákærði hefur kannast við að eiga.

Ákærði hefur viðurkennt bæði fyrir lögreglu og sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum að hafa keypt 1000 skammta af efninu LSD í Hollandi og látið senda sér 950 skammta af því í pósti hingað til lands. Kveður hann megnið af efninu hafa verið ætlað til sölu.

Við meðferð málsins hér fyrir dómi 5. nóvember sl. viðurkenndi ákærði að hafa flutt inn það magn af LSD, sem í ákærinni segir, en hann hafði ekkert selt af því. Síðar í sama þinghaldi dró ákærði nokkuð úr og sagði, að hann hefði aðeins keypt 860 skammta af efninu, en ekki 1000. Hefði hann játað svo mikið á sig til þess að losna undan gæsluvarðhaldi, og eins hefði hann ekki verið allsgáður, þegar hann gaf dómskýrsluna. Hefði hann látið senda sér 700 skammta í pósti, en flutt hitt með sér sjálfur. Þá kvað ákærði á að giska 200 - 300 skammta af efninu hafa verið amfetamín.

Telja verður nægilega sannað með játningu ákærða bæði hjá lögreglu og fyrir dómi svo og með vottorði Þorkels Jóhannessonar prófessors og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi keypt 1000 skammta af LSD í Hollandi og látið póstsenda sér 950 skammta af því, en flutt allt að 8 skammta inn sjálfur til landsins og að hafa ætlað megnið af efninu til sölu. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Sakhæfi ákærðu.

Ákærðu hafa báðir sætt geðheilbrigðisrannsókn Hannesar Péturssonar yfirlæknis.

Í skýrslu sinni um ákærða Guðmund Helga ályktar yfirlæknirinn svo um geðhagi hans og sakhæfi:

„Að mínu áliti er Guðmundur Helgi Svavarsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskort. Þvert á móti er greind hans fyrir ofan meðallag. Hins vegar greinast merki um persónuleikatrufun og langvarandi misnotkun áfengis samfara annarri fíkniefnaneyslu. Framangreindar persónuleikatrufanir hafa m.a. komið fram í skapgerðarþrestum, óreglulegri skóla- og atvinnusókn ásamt alvarlegri vímuefnaneyslu, sem m.a. hefur leitt til lögbrota á síðustu árum. Persónuleikatrufanir af þessu tagi eru oftast varanlegar, en hugsanlegt er, að erfið uppeldisskilyrði og einkum félagslegar afleiðingar alvarlegrar og langvarandi fíkniefnaneyslu hafi ráðið nokkru um, hvernig komið er. Það er mjög brýnt, að Guðmundur Helgi hætti með öllu neyslu áfengis og annarra vímuefna og reyni jafnframt að sporna gegn framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu. Hann hefur á undanfórnum árum vistast nokkrum sinnum á meðferðarstofnunum vegna framangreindra kvilla, en árangur hefur verið fremur takmarkaður fram til þessa.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Guðmundur

Helgi er nú grunaður um, þá vega að líkindum þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara vímuáhrifum og afleiðingum langvarandi og alvarlegrar áfengis- og fíkniefnaneyslu. Líklegt má teljast, að dómgreind Guðmundar Helga hafi verið sljóvguð vegna mikilla vímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað. Enn fremur má ætla, að minni hans, að því er varðar einstaka þætti í atburðarásinni, kunni að vera skert, en hann lýsti sjálfur slæmu ástandi sínu, m.a., að hann hefði ekki treyst sér til að rata á leiðinni til bensinstöðvarinnar, svo og lýsti hann nokkuð einkennandi minnistrufnunum eða „black-out“. Að lokum verður að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Guðmundar Helga Svavarssonar sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Ályktun yfirlæknisins um geðhagi og sakhæfi ákærða Snorra er svo hljóðandi:

„Að álitu undirritaðs er Snorri Snorrason ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskortu, en greind hans mælist í neðri mörkum meðallags. Snorri hefur ekki notið mikillar skólagöngu, og hugsun hans virðist á stundum fremur óþroskuð. Hegðunarvandkvæðum er lýst þegar fyrir fermingu og enn fremur, að Snorri hafi verið áhrifagjarn. Þótt hegðun virðist hafa batnað eftir unglingsárin, hefur lífsferill Snorra þó einkennst af óreglulegri atvinnusókn, ofnotkun áfengis og skorti á stöðugleika í tilfinningasamböndum. Snorri komst í kast við lögreglu á unglingsárum vegna innbrota og þjófnaðar að eigin sögn, og svo virðist sem hann hafi tekið aftur til við þá iðju nú upp á síðkastið.“

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Snorri er nú grunaður um, þá virðist skapgerð og framangreind vandkvæði auk langvarandi áfengisneyslu samfara áhrifum einhverra annarra vímuþjafa hafa vegið þungt. Þó að líklegt megi teljast, að dómgreind Snorra hafi verið sljóvguð vegna vímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað, þá verður þó að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Snorra Snorrasonar sé með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

Dómendur telja ekki leika vafa á því, að ákærðu séu báðir fyllilega sakhæfir í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði Guðmundur Helgi hefur til þessa verið sektaður þrisvar fyrir fíknilagabrot. Þá var ákærði dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsingu fyrir þjófnað í ágúst í sumar. Ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp þann dóm og gera ákærða nú refsingu í einu lagi samkvæmt 77. og 78. gr. laganna.

Ákærði Snorri hefur til þessa verið sektaður fimm sinnum fyrir ýmisleg brot. Þá var hann dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundna fangelsisrefs-

ingu fyrir þjófnað í ágúst í sumar. Ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp þann dóm og gera ákærða nú refsingu í einu lagi samkvæmt 78. gr. laganna.

Við ákvörðun refsingar ákærðu ber að líta til þess, að árás þeirra var ofsafengin, hrottaleg og undirbúin.

Eftir málavöxtum og samkvæmt 2. mgr. 79. gr., sbr. 1. - 8. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing Guðmundar Helga vera hæfilega ákveðin fangelsi í 20 ár, en refsing Snorra fangelsi í 18 ár. Frá refsingu Guðmundar Helga ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. apríl til 1. maí 1989 svo og frá 2. maí sl. til þessa, samtals 233 daga, og frá refsingu Snorra gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. maí sl. til þessa, 224 daga.

Samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, ber að dæma ákærða Guðmund Helga til þess að þola upptöku þeirra 692 skammta af LSD, sem hald var lagt á hjá honum.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði Guðmundur Helgi verði dæmdur til þess að þola upptöku á níu hnífum, sem hjá honum fundust, samkvæmt 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 34. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri nr. 16, 1978, sbr. reglugerð nr. 474, 1988, sbr. 3. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1977.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga þessara er einungis heimilt að gera upp-tæk skotvopn, skotfæri og sprengiefni, sem farið hefur verið með andstætt ákvæðum laganna. Er þar ekki að finna heimild til þess að gera upptæka hnífa eða önnur tæki eða vopn, sbr. 3. gr. laganna. Ekki hefur verið sýnt fram á, að hnífar þessir séu ætlaðir til notkunar í glæpsamlegu skyni eða að réttaröryggis vegna sé nauðsynlegt að gera þá upptæka, sbr. 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Eins og á stendur um þá að öðru leyti, þykja ekki vera lagaskilyrði til þess að gera þá upptæka samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. laganna, og ber að sýkna ákærða Guðmund af þessari kröfu ákæruvaldsins.

Dæma ber ákærðu hvorn um sig til þess að greiða verjendum sínum, Jóni Oddssyni og Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmönnum, 300.000 krónur í réttargæslu- og málvarnarlaun, en óskipt annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Guðmundur Helgi Svavarsson sæti fangelsi í 20 ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærða, samtals 233 dagar.

Ákærði Snorri Snorrason sæti fangelsi í 18 ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærða, samtals 224 dagar.

Ákærði Guðmundur Helgi sæti upptöku 692 skammta af LSD.

Ákærðu greiði Vátryggingafélagi Íslands hf. óskipt 253.000 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 16. ágúst 1990 til greiðsludags.

Ákærði Guðmundur Helgi greiði verjanda sínum, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni 300.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnaralun.

Ákærði Snorri greiði Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni 300.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 200.000 krónur.
